ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík fjarmal@nefndir.is

2022

Í þessu skjali er að finna samantekt úrskurða 2022. Allir úrskurðir eru í einu skjali, til að auðvelda leit í þeim að einstaka efnisorðum en hægt er að fá þá staka senda í tölvupósti. Vinsamlegast hafið samband við fjarmal@nefndir.is Samið var í máli 4/2022. Mál 9, 10 og 11 í bið.

Ár 2022, fimmtudaginn, 16. júní er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 2. janúar 2022, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 23. desember 2021. Með tölvupósti nefndarinnar 21. janúar 2022, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 22. febrúar 2022 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 24. febrúar 2022. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 4. apríl 2022. Viðbótarathugasemdir varnaraðila bárust 11. apríl 2022. Sóknaraðili óskaði eftir að koma með frekari athugasemdir við viðbótarathugasemdir varnaraðila og bárust þær 3. júní 2022. Athugasemdir varnaraðila við þeim bárust 14. júní 2022.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 16. júní 2022.

II.
Málsatvik

Sóknaraðili tók tvö íbúðalán hjá varnaraðila þann 9. september 2020. Annars vegar var um að ræða óverðtryggt íbúðalán til 36 ára með breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum að fjárhæð 31.430.000 kr. Fyrsti gjalddagi þess var 1. desember 2020. Hins vegar var um að ræða óverðtryggt viðbótarlán til 15 ára með breytilegum vöxtum og jöfnum afborgunum að fjárhæð 6.735.000 kr. Fyrsti gjalddagi þess var 1. desember 2020.

Hinn 10. júní 2021 sendi sóknaraðili tölvupóst til varnaraðila og óskaði eftir því að festa vexti á báðum íbúðalánum sínum. Starfsmaður varnaraðila hringdi í sóknaraðila daginn eftir og gerði grein fyrir því að sóknaraðili gæti bara fest vexti á grunnláni sínu en ekki á viðbótarláninu, þar sem festa hefði þurft vextina á því við upphaf lántöku. Í kjölfarið sendi sóknaraðili póst til varnaraðila, dags. 11. júní 2021, og óskaði eftir upplýsingum um það hvar fram kæmi í reglum varnaraðila að ekki væri hægt að festa vexti á viðbótarláninu. Varnaraðili svaraði með tölvupósti, hinn 14. júní 2021, að aðeins væri hægt að festa vexti á grunnláninu og var sóknaraðili spurð að því hvort hún vildi festa vexti á grunnláni sínu í 36 eða 60 mánuði. Sóknaraðili óskaði eftir því þann 26. ágúst 2021 að festa vexti á grunnláni sínu í 36 mánuði, og ítrekaði

fyrirspurn sína um upplýsingar í reglum þar sem fram kæmi að ekki væri hægt að festa vexti á viðbótarlánum.

Hinn 27. ágúst 2021 var sóknaraðili upplýst um að búið væri að setja skilmálabreytingu vegna grunnlánsins í skjalgerð. Hinn 31. ágúst 2021 var sóknaraðila tilkynnt með tölvupósti að viðaukinn væri tilbúinn til undirritunar og að hún hefði 30 daga til þess að undirrita skilmálabreytinguna. Af málsgögnum leiðir að hringt var í sóknaraðila þann 21. september 2021 af hálfu starfsmanns varnaraðila þar sem sóknaraðila var tilkynnt um gildistíma viðaukans. Sóknaraðili undirritaði ekki skilmálabreytinguna fyrir lok gildistíma hans, 30. september 2021. Nýr viðauki var útbúinn og tilbúinn til undirritunar 1. október 2021 og hafði sóknaraðili ætlað sér að undirrita hann í útibúi varnaraðila þann 21. október. Með tölvupósti til varnaraðila hinn 1. nóvember 2021 tilkynnti sóknaraðili að hún hafi ekki komist á umsömdum tíma til að undirrita skilmálabreytinguna en að hún ætlaði að koma þann 12. nóvember 2021. Varnaraðili svaraði tölvupóstinum samdægurs og lét vita að útbúa yrði ný skjöl þar sem hin fyrri hefðu farið í eyðingu. Var sóknaraðili jafnframt beðin um að láta vita með 2-3 daga fyrirvara áður en hún kæmi til að undirrita. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila hinn 15. nóvember 2021 að hún myndi koma þann 19. nóvember til að undirrita skilmálabreytinguna.

Tölvupóstsamskipti áttu sér stað á milli málsaðila hinn 18. nóvember 2021. Sóknaraðili óskaði eftir því að endurfjármagna lánin og fór fram á að fá vaxtakjörin sem voru í gildi fyrir 18. október 2021, en þá hækkaði varnaraðili vexti. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila að vaxtakjör hefðu breyst og ekki væri hægt að nota eldri vexti. Hinn 19. nóvember 2021 sendi varnaraðili tölvupóst þar sem fram kom að varnaraðili ætlaði að gera undanþágu fyrir sóknaraðila og samþykkti að festa vextina á viðbótarláni hennar. Sóknaraðili svaraði samdægurs að tilkynnti að hún vildi festa vextina en fór fram á að föstu vextirnir sem henni væru boðnir yrðu endurskoðaðir. Varnaraðili hafnaði því að nota eldri vexti. Sóknaraðili kom í útibú varnaraðila og undirritaði tvo viðauka þann 10. desember 2021 þar sem vextir beggja lánanna voru festir. Sóknaraðili undirritaði viðaukanna með fyrirvara um lögmæti vaxtakjaranna.

III.
Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að fallast á beiðni um breytingu á lánskjörum, dags. 10. júní 2021, um að festa vexti á báðum íbúðalánum sóknaraðila samkvæmt þeim vaxtakjörum sem þá giltu. Með vaxtaákvörðun sem tók gildi 19. október sl. hækkuðu fastir vextir til 36 mánaða um 0,15 prósentustig. Sóknaraðili krefst þess að breytingin hafi ekki gildi á lánsumsókn sína frá því 10. júní 2021.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi ekki veitt leiðbeiningar um hvernig sækja ætti um lán, með hvaða hætti væri unnt að sækja um vaxtabreytingu á báðum lánum, hvenær lánsumsókn tæki gildi eða um gildistíma umsóknar. Að mati sóknaraðila getur varnaraðili því ekki látið vaxtabreytingar, sem til komu eftir að sóknaraðili sótti um lánabreytingar, taka gildi gagnvart sér með íþyngjandi hætti.

Sóknaraðili byggir á því að hún hafi ekki verið upplýst um hvernig ferlið væri varðandi breytingar á íbúðalánum, sem hafi leitt til þess að lánskjörin sem henni voru boðin hafi miðast við þau lánskjör sem boðið var upp á þegar skjölin voru prentuð út, en ekki miðuð við umsóknardag.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki orðið vör við póst frá varnaraðila, dags. 31. ágúst 2021, um að skilmálabreyting vegna grunnlánsins væri tilbúin til undirritunar. Kveðst sóknaraðili hafa þá enn verið að óska eftir því að báðum lánum yrði breytt, en

að hún hefði þó gengið að þeim kjörum ef fram hefði komið að hún hefði aðeins tiltekinn frest til að gera það.

Sóknaraðili bendir á að á vef varnaraðila sé að finna upplýsingar um íbúðalán þar sem í tilteknum tilvikum þurfi lántaki að taka tvö lán, annars vegar grunnlán og hins vegar viðbótarlán. Unnt sé að velja breytilega og fasta vexti fyrir bæði grunnlán og viðbótarlán en hvergi komi fram að þeim einstaklingum sem séu með lán hjá varnaraðila standi ekki til boða að breyta vöxtum á viðbótarlánum. Þá hafi varnaraðili ekki bent á lagasjónarmið sem heimili honum að gera upp á milli einstaklinga hvað varði lánsumsóknir að þessu leyti. Vísar sóknaraðili til þess að hafa gengið mjög á eftir varnaraðila um svör og hafi þá komið fram að hægt væri að gera undantekningu fyrir sóknaraðila. Byggir sóknaraðili á því að ekkert bendi til annars en að um hafi verið að ræða „undantekningu“ frá reglum sem ekki séu skráðar eða birtar almenningi og standist því tæpast lög. Að mati sóknaraðila verður að meta drátt varnaraðila á því að samþykkja beiðni sóknaraðila honum í óhag.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila vísar hún til þess að hafa sent erindi á varnaraðila þann 10. júní 2021 og farið fram á að festa vexti á báðum íbúðalánum sínum. Vísar sóknaraðili til þess að svör varnaraðila hafi komið sér á óvart þar sem hún hafi aðeins fengið óformlegt símtal frá starfsmanni, sem einu viðbrögðin við tölvupósti hennar. Að mati sóknaraðila eru símtöl ekki til þess fallin að tryggja skilning viðskiptavina á því sem fram kemur og ekki á færi þeirra að fletta þeim upp síðar sér til glöggvunar. Sóknaraðili vísar til þess að í símtalinu hafi komið fram að ekki væri heimilt að festa vexti á viðbótarlánum en sóknaraðili taldi samt engar líkur á að framangreind regla væri í gildi í íslenskri löggjöf eða reglum varnaraðila. Sóknaraðili vísar til þess að hafa því sent tölvupóst til varnaraðila í kjölfar símtalsins og óskað eftir upplýsingum um hvar sú regla kæmi fram í reglum varnaraðila, en þeirri fyrirspurn hafi ekki verið svarað af hálfu varnaraðila. Varnaraðili hafi aðeins tekið fyrir hluta af beiðni sóknaraðila þar sem í tölvupósti varnaraðila, dags. 14. júní 2021, hafi sóknaraðili verið spurð að því hvort hún óski eftir að festa vextina í 36 eða 60 mánuði. Sóknaraðili vísar til þess að hafa óskað eftir 36 mánaða binditíma og ítrekað fyrirspurn sína um reglur varnaraðila. Að mati sóknaraðila hunsaði varnaraðili margítrekaða beiðni sína um breytingu gagnvart báðum lánum og fyrirspurn sína um meintar reglur varnaraðila sem kæmi í veg fyrir þá umsókn.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til þess að símtal starfsmanns varnaraðila, þann 21. september 2021, hafi átt sér stað þegar sóknaraðili var stödd á mikilvægum fundi og hún hafi því ekki meðtekið mikið af því sem fram hafi komið. Sóknaraðili bendir á að af endurriti símtalsins megi ráða að starfsmaður hafi upplýst sóknaraðila um að hún hefði sjö virka daga til að undirrita. Ekki hafi verið tekið fram af hálfu starfsmannsins að ef vextir breyttust eftir það tímamark yrði umsóknardagur jafnframt færður til.

Sóknaraðili bendir á að þann 19. október 2021 hafi varnaraðili breytt vöxtum sínum í þau kjör sem að endingu hafi verið látin gilda af hálfu varnaraðila. Að mati sóknaraðila hefði verið sanngjarnt af hálfu varnaraðila að senda sannanlega tilkynningu um frest til að undirrita þann hluta umsóknarinnar, fyrst ætlunin hafi verið að láta umsóknina með tilheyrandi vaxtakjörum renna út. Sóknaraðili vísar til þess að hafa látið varnaraðila vita þann 15. nóvember að hún myndi mæta til að undirrita ný skjöl þann 19. nóvember 2021, um 36 mánaða binditíma. Þá hafi sóknaraðili ítrekað fyrri efasemdir sínar um reglur varnaraðila, gagnvart því að ekki væri hægt að festa vexti á viðbótarlánum, og spurt hvort hún ætti þá möguleika á að taka nýtt viðbótarlán til að greiða upp viðbótarlánið og óska eftir föstum vöxtum í því samhengi. Í kjölfar þess hafi

varnaraðili samþykkt að gera undantekningu á reglum sínum og heimila sóknaraðila að festa vexti á bæði grunn og viðbótarláni sóknaraðila. Sóknaraðili vísar til þess að hafa samþykkt það og óskað eftir staðfestingu á að vaxtakjörin sem giltu fyrir 19. október 2021 væru bindandi. Varnaraðili hafi neitað því að nota eldri vaxtakjör. Að mati sóknaraðila þurfti margítrekaðar beiðnir til þess að varnaraðili hafi samþykkt að festa vexti á viðbótarláni sínu og höfðu tafir varnaraðila til þess leitt til mjög íþyngjandi niðurstöðu fyrir sig.

Sóknaraðili vekur athygli á því að varnaraðili staðhæfi um tilvist og efni símtala í málsástæðum sínum sem engin gögn liggi fyrir um. Þá vekur sóknaraðili athygli á því að ekkert komi fram um lánaskjöl sem útbúin voru í október 2021 og sóknaraðili hafði ætlað að undirrita þann 21. október í málsástæðum varnaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að gögn um þá umsókn hefðu lykilþýðingu varðandi þetta mál, þar sem sú umsókn hafi orðið til þess að sóknaraðili missti af þeim vöxtum sem kæran snúist um varðandi grunnlánið.

Sóknaraðili mótmælir athugasemdum varnaraðila um að vanræksla á því að kynna sér efni á vef varnaraðila sé á ábyrgð sóknaraðila. Vísar sóknaraðili til þess að hún hafi leitað mjög að efni á vef varnaraðila sem gæti stutt það að mismunun væri heimil en slíkt komi ekki fram á vefnum. Að mati sóknaraðila verði að gera lágmarkskröfu til varnaraðila að benda viðskiptavinum sínum á upplýsingasíður þar sem finna megi svör við spurningum þeirra.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila, dags. 3. júní 2022, byggir sóknaraðili á því að varnaraðili geti ekki borið fyrir sig að athafnaleysi sóknaraðila, sem fólst í því að koma ekki þann 21. október 2021 að undirrita viðaukann, geti leitt til þess að sóknaraðili missi af umræddum kjörum sem varnaraðili hafi verið búinn að samþykkja sér til handa. Vísar sóknaraðili til þess að ekkert liggi fyrir um að varnaraðili hafi kynnt fyrir sér hvaða fresti hún hafði til að undirrita umræddan samning. Byggir sóknaraðili á því að málsmeðferð varnaraðila sé óformbundin og því sé töluverður vafi um meðferð umsóknarinnar sem varnaraðili afgreiddi og samþykkti fyrir sitt leyti samkvæmt vaxtatöflu sem gilti til og með 18. október 2021 og sóknaraðili hafði ráðgert að ganga frá þann 21. október 2021. Sóknaraðili byggir jafnframt á því að með því að bjóða sér að ganga til samninga, samkvæmt umsókn sem dagsett sé í lok september, væri um að ræða loforð í samningarréttarlegum skilningi af hálfu varnaraðila.

Sóknaraðili vekur athygli á því að upplýsingagjöf af hálfu varnaraðila á síðari stigum um verklag og fresti leiði til þess að umsókn sóknaraðila frá því í október hafi enn verið í gildi 1. nóvember 2021. Að mati sóknaraðila var tilboðið um að ganga frá samningi samkvæmt umsókninni afturkallað einhliða af hálfu varnaraðila, þrátt fyrir að 30 dagarnir sem viðskiptavinum væru veittir hafi ekki verið liðnir. Umrædd afgreiðsla hafi því verið ólögmæt.

IV.
Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir á því að hægt sé að sækja um fasta vexti fyrir öll grunnlán. Vísar varnaraðili til þess að ef lántaki er með grunnlán á breytilegum vöxtum geti hann óskað eftir breytingu í fasta vexti og miðist vextirnir þá við þá vexti sem séu í boði hverju sinni þegar sótt er um skilmálabreytinguna. Þær upplýsingar komi fram á heimasíðu varnaraðila, ásamt upplýsingum um hvernig sótt sé um lán, lánstíma, hámarksfjárhæð, muninum á breytilegum og föstum vöxtum, o.fl. Ekki komi fram á vef

varnaraðila að heimilt sé að festa vexti á viðbótarlánum. Bent væri á að hægt sé að endurfjármagna lán.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi sent tölvupóst þann 10. júní 2021 og óskað eftir að festa vexti á báðum íbúðalánum sínum. Starfsmaður varnaraðila hafi hringt í sóknaraðila daginn eftir og gert henni grein fyrir því að hún gæti bara fest vextina á grunnláni sínu en ekki viðbótarláninu, þar sem festa hefði þurft vextina á því við upphaf lántöku. Að mati varnaraðila var sóknaraðila því ljóst, eða mátti vera ljóst, að það væri ekki hægt. Varnaraðili rekur frekari málsatvik og leggur fram gögn um samskipti málsaðila. Vísar varnaraðili til þess að þann 26. ágúst 2021 hafi sóknaraðili óskað eftir að festa vexti í 36 mánuði og beðið um að fá að sjá reglur varnaraðila þar sem fram kæmi að ekki væri hægt að festa vexti á viðbótarlánum. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi fengið tölvupóst þann 27. ágúst 2021 þess efnis að búið væri að setja skilmálabreytingu vegna grunnlánsins í skjalgerð. Þá hafi sóknaraðila verið tilkynnt með tölvupósti þann 31. ágúst 2021 að viðaukinn væri tilbúinn til undirritunar. Vísar varnaraðili til þess að starfsmaður varnaraðila hafi jafnframt hringt tvisvar í sóknaraðila til að láta hana vita að hún hefði 30 daga frest til þess að koma og undirrita skilmálabreytinguna, en sóknaraðili hafi ekki komið á þeim fresti til að undirrita.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi haft samband þann 1. nóvember 2021 þar sem hún hafi sagst ætla að koma 12. nóvember að undirrita skilmálann. Varnaraðili hafi þá látið sóknaraðila vita að útbúa yrði ný skjöl þar sem hin höfðu farið í eyðingu og var sóknaraðili beðin um að láta vita með 2-3 daga fyrirvara áður en hún kæmi til að undirrita. Sóknaraðili hafi þá staðfest í tölvupósti, dags. 15. nóvember 2021, að hún myndi koma 19. nóvember til að undirrita skilmálann. Varnaraðili vísar til þess að tölvupóstar hafi farið á milli aðila þann 18. nóvember 2021 þar sem sóknaraðili hafi tekið fram að hún teldi varnaraðila vera að mismuna lántökum og spurt hvort hún gæti eytt viðbótarláninu og tekið annað með föstum vöxtum. Varnaraðili hafi þá bent á að hægt væri að endurfjármagna lánin og festa vexti á þeim báðum sem sóknaraðili hafi samþykkt. Hafi sóknaraðili þá óskað eftir því að fá vaxtakjörin sem voru í gildi fyrir 18. október 2021, en þá hafi varnaraðili hækkað vexti. Varnaraðili benti sóknaraðila á að vaxtakjör hefðu breyst og því væri ekki hægt að nota eldri vexti. Sóknaraðili hafi þá tekið fram að umsókn hennar væri fyrir þann tíma og að hún hafi ekki fengið tilkynningu um frest til að undirrita skjölin.

Varnaraðili vísar til þess að hafa sent sóknaraðila tölvupóst þann 19. nóvember 2021, þar sem henni var tilkynnt að varnaraðili gæti bara boðið henni þá vexti sem væru í gildi en að varnaraðili ætlaði að gera undanþágu frá gildandi reglum og væri tilbúinn að festa vextina á viðbótarláni sóknaraðila. Tekið var fram að sóknaraðili yrði að undirrita viðaukann innan 30 daga og að sóknaraðili yrði látin vita þegar viðaukarnir væru tilbúnir til undirritunar. Sóknaraðili hafi þá farið fram á að föstu vextirnir sem henni voru boðnir yrðu endurskoðaðir. Sóknaraðili mætti í útibú varnaraðila þann 10. desember 2021 og undirrittaði tvo viðauka þar sem vextir beggja lánanna voru festir, með fyrirvara um lögmæti vaxtakjaranna.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi sjálf ákveðið að taka viðbótarlánið með breytilegum en ekki föstum vöxtum. Að mati varnaraðila mátti sóknaraðila hafa verið ljóst að ekki væri hægt að breyta vaxtakjörunum á viðbótarláninu sem hún tók. Varnaraðili mótmælir þeim skilningi sóknaraðila að þar sem ekki væri minnst á viðbótarlánin á vef varnaraðila leiði það til þess að heimilt væri að breyta vöxtum á þeim. Að mati varnaraðila verður að gera þá kröfu til sóknaraðila að kynna sér efni á heimasíðu varnaraðila um kjör á lánum og hvort hægt sé að breyta vöxtum á því láni sem væri tekið. Að mati varnaraðila er vanræksla á að kynna sér framangreint efni á

ábyrgð sóknaraðila. Byggir varnaraðili á því að tölvupóstur sóknaraðila, dags. 11. júní 2021, staðfesti að sóknaraðili hafi fengið upplýsingar um að ekki væri hægt að festa vexti á viðbótarláninu. Þá vísar varnaraðili til þess að það hafi verið á ábyrgð sóknaraðila að koma ekki og undirrita viðaukana vitandi að þeir hefðu ákveðinn gildistíma. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðila hafi verið það ljóst að umsókn hennar um að festa vextina væri fallin niður. Að mati varnaraðila er það, að sóknaraðili hafi ekki fengið þau vaxtakjör sem í boði voru í júní 2021, alfarið vegna athafna og athafnaleysis sóknaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi verið boðið þann 19. nóvember sl. að festa vextina á báðum íbúðalánum sínum þrátt fyrir reglur um að ekki væri heimilt að festa vexti á viðbótarlánum. Sú ákvörðun hafi verið tekin til að koma til móts við óskir sóknaraðila vegna óánægju hennar um að geta ekki fest vexti á viðbótarláninu.

Að ofangreindu virtu telur varnaraðili ekki hægt að fallast á með sóknaraðila að hún hafi fengið rangar upplýsingar um hvaða kostir stæðu henni til boða varðandi það að festa vexti á íbúðalánum sínum og hvaða vextir væru í boði.

Í viðbótarathugasemdum varnaraðila hafnar varnaraðili því að ekki hafi verið farið eftir lögformlegum reglum um samskipti þegar starfsmaður hringdi í sóknaraðila þann 11. júní 2021 í kjölfar tölvupósts sóknaraðila þann 10. júní 2021. Vísar varnaraðili til þess að oft sé auðveldara að hringja í viðskiptavini og ræða málin í stað þess að senda marga tölvupósta til að fá niðurstöðu í málin.

Varnaraðili vísar til þess að málsaðilar hafi verið í símasamskiptum í lok september þar sem nýr viðauki hafi verið útbúinn og sóknaraðili hafi lofað að koma og undirrita hann áður en hann rynni út. Það hafi sóknaraðili ekki gert og þann 1. nóvember hafi sóknaraðili sent tölvupóst þar sem hún sagðist ekki hafa komist á umsömdum tíma, 21. október, til að undirrita. Sóknaraðili hafi tilkynnt að hún kæmi 12. nóvember 2021. Sóknaraðila hafi verið svarað samdægurs með upplýsingum um það að viðaukinn væri runninn út og því yrði að útbúa nýjan. Varnaraðili vísar til þess að viðaukinn hafi verið útbúinn í byrjun októbermánaðar og hefði sóknaraðili komið í bankann á umsömdum tíma til að undirrita hann hefði hún fengið þau vaxtakjör sem giltu þegar viðaukinn var útbúinn og þá hefði sóknaraðili fengið lægri vexti en hún fékk samkvæmt þeim viðaukum sem hún undirritaði í desember sl. Að mati varnaraðila verður sóknaraðili að axla ábyrgð á athafnaleysi sínu með því að koma ekki og undirrita viðauka, oftar en einu sinni. Að mati varnaraðila er því ekki hægt að fallast á kröfu sóknaraðila um að hún fái þau vaxtakjör, sem henni stóðu til boða samkvæmt þeim viðaukum sem hún ákvað sjálf að koma ekki til að undirrita.

V.
Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að því við hvaða vexti beri að miða viðauka sem sóknaraðili undirritaði, dags. 10. desember 2021, um breytingu á lánakjörum íbúðalána sóknaraðila. Nánar tiltekið, hvort að sóknaraðili eigi rétt á vaxtakjörum sem voru í gildi fyrir 18. október 2021, en þá hækkaði varnaraðili vexti.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði skylt að fallast á beiðni um breytingar á lánakjörum samkvæmt beiðni sóknaraðila, frá 10. júní 2021, um að festa vexti á báðum íbúðalánum hennar samkvæmt þeim vaxtakjörum sem þá giltu. Sóknaraðili telur sig eiga rétt á vaxtakjörum sem voru í gildi fyrir 18. október 2021 þar sem umsókn hennar hafi verið fyrir þann tíma.

Sóknaraðili tók tvö íbúðalán hjá varnaraðila 9. september 2020. Annars vegar var um að ræða óverðtryggt íbúðalán með breytilegum vöxtum og hins vegar

óverðtryggt viðbótarlán með breytilegum vöxtum. Hinn 10. júní 2021 óskaði sóknaraðili eftir því að festa vexti á báðum íbúðalánum sínum. Starfsmaður varnaraðila gerði sóknaraðila grein fyrir því að aðeins væri hægt að festa vexti á grunnláninu en ekki á viðbótarláninu, þar sem festa hefði þurft vextina á því við upphaf lántöku. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila þann 31. ágúst 2021 að viðaukinn væri tilbúinn til undirritunar. Jafnframt hringdi starfsmaður varnaraðila í sóknaraðila til að láta hana vita að hún hefði 30 daga til þess að koma og undirrita skilmálabreytinguna. Sóknaraðili kom ekki í útibúið til að undirrita skilmálabreytinguna. Af gögnum málsins er ljóst að útbúinn var nýr viðauki sem að sóknaraðili mætti heldur ekki til að undirrita fyrir lok frests.

Þar sem að heimild til að óska eftir festingu vaxta er ekki tekin fram í skilmálum fyrir viðbótarlánið er það mat nefndarinnar að ekki hafi verið samið um það fyrirfram að festa mætti vexti viðbótarlánsins. Varnaraðili féllst hins vegar á að koma til móts við sóknaraðila og bauð henni að festa vexti á báðum íbúðarlánunum, þ.e. grunnláninu og viðbótarláninu, þrátt fyrir að ekki hafi verið samið um slíkt í upphafi hvað varðaði viðbótarlánið. Sóknaraðili undirritaði tvo viðauka þann 10. desember þar sem vextir beggja lánanna voru festir. Tekið var fram að vextirnir sem stæðu til boða væru í samræmi við gildandi vaxtatöflu varnaraðila.

Eins og fram kemur í reglum varnaraðila miðast vextir við þá vaxtatöflu sem er í gildi á hverjum tíma er viðauki við skilmála lánsins er undirritaður. Eins og fram kemur í gögnum málsins tekur varnaraðili ákvarðanir um vexti allt að þrisvar í mánuði og getur því ekki lofað festingu vaxtastigs í ótiltekinn tíma. Sóknaraðili lét hjá líða að undirrita viðaukana fyrir endurskoðun vaxta af hálfu varnaraðila og verður sóknaraðili að bera halla af því að hafa ekki brugðist við innan frests. Að mati nefndarinnar verður sóknaraðili að sæta því að þeir vextir gildi sem fram koma í reglum varnaraðila og miðast við undirritunardag. Með vísan til framangreinds er kröfu sóknaraðila hafnað.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila M á hendur varnaraðila F er hafnað.

Reykjavík, 16. júní 2022.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir
Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson
Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2022, fimmtudaginn, 2. júní er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Jóhann Tómas Sigurðsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Magnús Fannar Sigurhansson og Hrannar Jónsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. janúar 2022, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Einnig barst viðauki frá sóknaraðila 21. janúar 2022. Með tölvupósti nefndarinnar 21. janúar 2022, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Þann 11. febrúar barst viðauki – aukin kröfugerð – frá sóknaraðila og var hún send varnaraðila sama dag. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 28. febrúar 2022 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 3. mars 2022. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 8. mars 2022. Viðbótarathugasemdir varnaraðila bárust 30. mars 2022.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. maí og 2. júní 2022.

II.
Málsatvik

Hinn 27. apríl 2005 tók sóknaraðili, ásamt A, verðtryggt íbúðalán hjá fjármálafyrirtækinu FF upphaflega að fjárhæð 13.760.000 kr. Um var að ræða verðtryggt íbúðalán, tryggt með veði í íbúð í Reykjavík. Lánið var með föstum vöxtum til 5 ára og kröfuhafa heimilt að endurskoða vaxtaálag að liðnum 5 árum frá útgáfudegi og á 5 ára fresti eftir það. Við útgáfu lánsins voru grunnvextir lánsins 3,5% og vaxtaálag 0,65%, samtals 4,15%. Greitt var af láninu 4 sinnum á ári. Hinn 31. desember 2013 var lánið framselt til varnaraðila F.

Hinn 27. apríl 2015 ákvað varnaraðili að lækka vaxtaálagið á umræddu veðskuldabréfi og tilkynnti sóknaraðila um það. Varnaraðili lækkaði vaxtaálagið um 0,25% og voru grunnvextir að viðbættu vaxtaálagi þá samanlagt 3,9%.

Hinn 15. janúar 2018 greiddi sóknaraðili upp lánið.

III.
Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að nefndin úrskurði að skilmáli um vaxtaendurskoðun í 4. tl. skuldabréfsins sé ógildur og að varnaraðila hafi frá og með 27. apríl 2010 verið óheimilt að krefja sóknaraðila um hærri vexti af skuldinni en kveðið væri á um í 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Sóknaraðili krefst þess einnig að nefndin

úrskurði að skilmáli um uppgreiðslugjald í 11. tl. skuldabréfsins sé ólögmætur og að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila 369.043 kr. vegna ólögmæts uppgreiðslugjalds, ásamt dráttarvöxtum frá 15. janúar 2018.

Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili endurgreiði sér 294.891 kr. vegna ólögmæts uppgreiðslugjalds, ásamt dráttarvöxtum frá 15. janúar 2018. Þá krefst sóknaraðili þess að nefndin úrskurði að varnaraðila sé skylt að afhenda sér öll gögn sem tengjast þessu láni.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila, dags. 11. febrúar 2022, bætti sóknaraðili við kröfur sínar í málinu. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér 551.779 kr., auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá og með 15. janúar 2018 til greiðsludags.

Sóknaraðili byggir í fyrsta lagi á því að skilmáli um vaxtaendurskoðun í 4. tl. skuldabréfs, dags. 27. apríl 2005, sé ógildur. Vísar sóknaraðili til þess að í skilmálum skuldabréfsins hafi verið kveðið á um tiltekinn vaxtafót sem gilda átti í 5 ár frá útgáfudegi lánsins en eftir þann tíma var kveðið á um heimild lánveitanda til þess að breyta einhliða vöxtum lánsins. Við útgáfu veðskuldabréfsins hafi því aðeins verið ljóst hvaða vexti lánið myndi bera fyrstu 5 ár lánstímans þar sem vextir lánsins voru breytilegir að þeim tíma liðnum samkvæmt samningi aðila. Sóknaraðili vísar til þess að ákvæðum 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994, sem voru í gildi þegar sóknaraðili gaf út umrætt skuldabréf, hafi ekki verið fylgt við gerð veðskuldabréfsins þar sem umræddur skilmáli um ákvörðun vaxta í skuldabréfinu hafi ekki mælt fyrir um það með hvaða hætti vextir lánsins væru breytilegir eða við hvaða aðstæður þeir myndu breytast. Framangreindu til stuðnings vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016. Sóknaraðili vísar til þess að í skuldabréfinu hafi aðeins verið ákveðið hvaða vaxtafótur skyldi gilda fyrstu 5 ár frá útgáfudegi, en skilmálinn sem tryggja átti að vextir myndu fylgja markaðskjörum við vaxtaendurskoðun væri ógildur. Að mati sóknaraðila var því enginn gildur skilmáli í samningnum um ákvörðun vaxta eftir fyrsta vaxtaendurskoðunardag. Sóknaraðili vísar til þess að jafna megi aðstöðuna í þessu máli við þau tilvik sem falla undir 4. gr. laga nr. 38/2001 sem mælir fyrir um að vextir sem Seðlabanki Íslands birtir skv. 10. gr. laganna skuli gilda ef vaxtafótur lánsins er ekki tiltekinn, sbr. einnig 18. gr. laganna. Þá sé mælt fyrir um afleiðingar þess ef lántökukostnaður og vextir eru ekki tilgreindir í samningi í 1. mgr. 14. gr. laga nr. 121/1994.

Sóknaraðili byggir á því að ógilda beri skilmála skuldabréfsins um breytilega vexti með vísan til meginreglu samningaréttar um að löggerningar sem fara gegn ófrávíkjanlegum lagareglum teljist ógildir. Þá vísar sóknaraðili jafnframt til almennu ógildingarreglu 36. gr. og 36. gr. c. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936. Að mati sóknaraðila er skilmálinn bersýnilega ósanngjarn og andstæður góðum viðskiptaháttum. Byggir sóknaraðili á því að skilmálinn raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, þar sem hann veitir öðrum samningsaðilanum einhliða og óskilyrtan rétt til þess að breyta lánskjörum, án takmarkana.

Sóknaraðili vísar til ákvæða 36. gr. a-d. samningalaga, sem sett voru með lögum nr. 14/1995 og innleiddu í íslenskan rétt tilskipun 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um ósanngjarna/óréttmæta skilmála í neytendasamningum. Byggir sóknaraðili á því að skilmáli, eins og vaxtaendurskoðunarheimildin í skuldabréfinu, sem veitir lánveitanda einhliða heimild til þess að breyta vöxtum, án gildrar ástæðu sem tilgreind er í samningi, sé óréttmætur skilmáli í skilningi tilskipunarinnar. Sóknaraðili vísar til viðauka við tilskipunina sem tilgreinir atvik eða dæmi um samningsskilmála sem teljast að jafnaði

óréttmætir. Þá vísar sóknaraðili til dóma Evrópudómstólsins í málum C-26/13 (Kásler), C-186/16 (Andriciuc), C-125/18 (Gómez del Moral Guasch), C-47/10 (Invitel), C-119/17 (Lupean) og C-348/14 (Bucura).

Sóknaraðili byggir á því að af 18. gr. vaxtalaga leiði að varnaraðila hafi verið óheimilt frá og með fyrsta vaxtaendurskoðunardegi að krefja sóknaraðila um vexti af skuldinni umfram vexti samkvæmt 4. gr. vaxtalaga. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ekki brugðist við áskorun sinni um að afhenda sér nauðsynlegar upplýsingar um greiðslusögu lánsins og því hafi honum ekki verið kleift að reikna út fjárkröfu sína.

Sóknaraðili byggir í öðru lagi á því að skilmáli um uppgreiðslugjald í 11. tl. skuldabréfsins, dags. 27. apríl 2005, sé ólögmætur. Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt skilmálanum séu tvenn skilyrði sett fyrir uppgreiðslu lánsins fyrir umsaminn gjalddaga. Annars vegar samþykki kröfuhafa og hins vegar óskilgreint uppgreiðslugjald. Að mati sóknaraðila er fyrra skilyrðið bersýnilega ólögmætt samkvæmt 16. gr. laga nr. 121/1994. Þar hafi beinlínis verið kveðið á um að neytanda væri heimilt að standa skil á skuldbindingum sínum fyrir umsaminn gjalddaga.

Seinna skilyrði skilmálans, um ótilgreint uppgreiðslugjald, er einnig ólögmætt að mati sóknaraðila með vísan til 16. gr. laga nr. 121/1994. Samkvæmt lagaákvæðinu sé lánveitanda ekki heimilt að setja skilyrði um greiðslu gjalds vegna uppgreiðslu láns. Að mati sóknaraðila felur heimild í veðskuldabréfi til þess að leggja á uppgreiðslugjald, sem sé ótakmörkuð og opin, í sér ígildi heimildar til þess að hafna uppgreiðslu. Þá sé ekki kveðið á um fjárhæð uppgreiðslugjaldsins í skilmálanum eða hvaða hlutfall af uppgreiddum höfuðstól beri að greiða í uppgreiðslugjald. Vísar sóknaraðili til þess að samkvæmt 14. gr. laga nr. 121/1994, sé lánveitanda óheimilt að krefja lántaka um lántökukostnað sem ekki sé tilgreindur í lánssamningi. Þá sé lánveitanda einnig óheimilt samkvæmt ákvæðinu að áskilja sér rétt til þess að ákvarða gjaldið einhliða eftir á, án þess að fram komi í skilmálum veðskuldabréfsins hvaða forsendur eða skilyrði þurfi að liggja fyrir við ákvörðun og álagningu gjaldsins eða hvernig fjárhæð þess verði ákvörðuð. Sóknaraðili vísar jafnframt til þess að slíkt ákvæði sé ekki bindandi fyrir neytanda með vísan til 36. gr. og 36. gr. c. samningalaga. Þá bendir sóknaraðili á að gjaldið og fjárhæð þess standi ekki í neinu samhengi við mögulegt tjón varnaraðila.

Varakrafa sóknaraðila, um að varnaraðili endurgreiði sér 294.891 kr., byggir á því að uppgreiðslugjald hefði átt að vera ákvarðað með hliðsjón af þeim takmörkunum sem mælt sé fyrir um í 37. gr. laga um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016, sbr. 3. mgr. 37. gr. laganna. Vísar sóknaraðili til þess að kostnaður varnaraðila hafi verið lítill sem engin vegna endurgreiðslunnar, og aldrei meiri en 0,4% af fjárhæðinni sem sé hámarkið sem miðað væri við. Rétt ríflega 2 ár hafi verið eftir af binditíma vaxta samkvæmt upphaflegum skilmálum og því hafi uppgreiðslugjaldið aldrei geta orðið hærra en 74.152 kr.

Krafa sóknaraðila um dráttarvexti byggir á III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. einnig 11. gr. laganna. Sóknaraðili bendir á að varnaraðila hafi mátt vera ljóst að sóknaraðili hafi greitt fjármuni umfram skyldu. Byggir sóknaraðili á því að jafna megi réttarstöðunni við þessar aðstæður til þess að samið hafi verið um gjalddaga, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Sóknaraðili vísar til þess að venja standi til þess að fjármálafyrirtæki hafi frumkvæði að endurútreikningi og endurgreiðslu ef skilmálar láns teljast ólögmætir, sbr. dómur Hæstaréttar nr. 868/2016. Að mati sóknaraðila er honum heimilt á grundvelli veðskuldabréfsins að krefjast dráttarvaxta vegna vanskila.

Í viðbótar athugasemdum sóknaraðila, dags. 21. janúar 2021, ítrekar sóknaraðili að skilmálar lánsins um vexti séu ólögmætir, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 og úrskurður Neytendastofu í máli nr. 67/2020. Að mati sóknaraðila eru sjónarmið varnaraðila um fyrningu órökstudd. Vísar sóknaraðili til þess að krafan eigi rætur að rekja til þess að hann hafi greitt við uppgjör lánsins, hinn 15. janúar 2018, hærri fjárhæð en honum bar að gera. Þess vegna geti endurkrafa sóknaraðila ekki talist fyrnd, þar sem sóknaraðili hafi slitið fyrningu með málskoti til nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Í viðbótarathugasemdum mótmælir sóknaraðili fordæmisgildi dóms Landsréttar í máli nr. 307/2018 sem varnaraðili vísar til í tengslum við lögmæti uppgreiðslugjaldsins.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila, dags. 11. febrúar 2022, bætti sóknaraðili við fjárkröfu sína í málinu. Vísar sóknaraðili til þess að hann hafi ekki fengið aðgang að nauðsynlegum gögnum til þess að reikna út fjárkröfu sína í upphaflegu málskoti. Í lok janúar 2022 hafi varnaraðili lagt fram yfirlit yfir greiðslusögu lánsins og þá hafi orðið forsendur til þess að reikna út endurkröfu sóknaraðila vegna ofgreiddra vaxta. Í viðbótarathugasemdum gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðili greiði sér 551.779 kr., auk dráttarvaxta, og bætist sú krafa við þá fjárkröfu sóknaraðila sem sett var fram í upphaglegu málskoti vegna ólögmæts uppgreiðslugjalds.

Um lagarök og málsástæður sóknaraðila vegna ofangreindrar fjárkröfu vísar sóknaraðili til málskots, dags. 13. janúar 2022, og erindis til nefndarinnar, dags. 21. janúar 2022. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu úr hendi varnaraðila vegna ofgreiddra vaxta, og tekur útreikningur kröfu um endurgreiðslu mið af almennum vöxtum 4. gr. vaxtalaga. Krafa sóknaraðila samanstendur af greiðslum sem sóknaraðili telur sig hafa greitt umfram skyldu, þ.e. þær fjárhæðir sem sóknaraðili hefur greitt umfram þær greiðslur sem sóknaraðili hefði innt af hendi ef lánið hefði frá 27. apríl 2010 borið að hámarki almenna Seðlabankavexti. Um sé að ræða verðtryggt lán og því sé miðað við lægstu verðtryggðu vexti. Sóknaraðili vísar til þess að lánið sé jafngreiðslulán. Útreikningur endurkröfu sóknaraðila byggir á forsendum sem fram koma í gögnum sem varnaraðili afhenti sóknaraðila. Kröfugerð sína til þess að krefjast endurgreiðslu þeirra fjármuna sem varnaraðili hefur af honum haft reisir sóknaraðili á 18. gr. vaxtalaga. Til stuðnings kröfu sinni leggur sóknaraðili fram yfirlit sem sýnir útreikning á kröfu sóknaraðila um ofgreidda vexti. Krafa sóknaraðila um dráttarvexti byggir á III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Í viðbótarathugasemdum, dags. 8. mars 2022, ítrekar sóknaraðili að skilmáli veðskuldabréfsins um breytilega vexti sé ólögmætur. Vísar sóknaraðili til þess í 9. gr. laga nr. 121/1994 sé kveðið á um hvernig skuli kveða á um breytilega vexti í neytendalánum. Að mati sóknaraðila brýtur skilmáli varnaraðila gegn framangreindu lagaboði þar sem skilmálinn hafi verið settur fram sem „heimildarákvæði“. Sóknaraðili mótmælir túlkun varnaraðila á athugasemdum sóknaraðila um áhrif brots gegn 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Þá vísar sóknaraðili til þess að hafa ekki byggt á því að upphafleg vaxtaprósenta, þ.e. 4,15%, hafi verið ólögmæt eða ósanngjörn. Að mati sóknaraðila var upphafleg vaxtaprósenta málefnaleg, enda hafi verið um að ræða markaðskjör á þeim tíma. Skilmálinn um vaxtaendurskoðun er hins vegar að mati sóknaraðila ólögmætur og þar af leiðandi hafi engin gildur skilmáli verið í veðskuldabréfinu um hvernig ákvarða ætti vexti við vaxtaendurskoðun. Sá ágalli hafi leitt til þess að sóknaraðili greiddi umtalsvert hærri vexti en þau markaðskjör fyrir fasteignalán sem almennir vextir Seðlabankans endurspegli.

Sóknaraðili mótmælir athugasemdum varnaraðila um fyrningu. Vísar sóknaraðili til þess að af 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 leiði að uppreikna beri skuldina

miðað við upphaflegan höfuðstól, sem bar ólögmæta vexti, og að öllum greiðslum lántaka beri að ráðstafa inn á lánið miðað við greiðsludag. Vísar sóknaraðili til þess að engar kröfur um endurgreiðslu hafi verið fyrndar þegar lög nr. 151/2010 gengu í gildi og gæti ákvæðið ekki með afturvirkum hætti raskað stjórnarskrárvörðum hagsmunum. Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í máli nr. 230/2002 og dóms Evrópudómstólsins frá 22. apríl 2021 í máli nr. C-485/19. Þá vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi ekki afhent sóknaraðila þau gögn sem tengjast þessari lántöku og hafnað áskorun um að leggja fram gögn í málinu sem gætu sýnt fram á að upplýsingagjöf hafi verið í samræmi við kröfur laga um neytendalán nr. 121/1994.

IV.
Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og að kröfu sóknaraðila um afhendingu gagna verði vísað frá. Til vara krefst varnaraðili þess að kröfur sóknaraðila verði lækkaðar.

Varnaraðili byggir í fyrsta lagi á því að hafna beri kröfu sóknaraðila um ofgreidda vexti þar sem engin krafa sé fyrir hendi. Byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki ofgreitt vexti og eigi hann því ekki rétt á endurgreiðslu. Varnaraðili vísar til þess að í 4. gr. skuldabréfsins hafi falist heimild til að endurskoða vexti, en það hafi aldrei verið skylda. Upphafleg vaxtaprósenta sem skuldari hefur samþykkt gildi því þar til kröfuhafi hefur ákveðið að nýta sér heimild til vaxtaendurskoðunar. Varnaraðili mótmælir staðhæfingu sóknaraðila um að ekki hafi verið gildur skilmáli um ákvörðun vaxta eftir fyrsta vaxtaákvörðunardaginn. Varnaraðili vísar til þess að hafa lækkað breytilegt vaxtaálag hinn 2. mars 2015 úr 0,65% í 0,4% og því hafi samanlagðir vextir verið 3,9% þar til lánið hafi verið greitt upp hinn 15. janúar 2018. Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili eigi ekki kröfu á hendur varnaraðila, hvorki á grundvelli 18. gr. vaxtalaga né annarra reglna, enda hafi vextir samkvæmt skuldabréfinu ekki verið ofgreiddir. Þá geti sóknaraðili ekki haft uppi endurgreiðslukröfu gagnvart varnaraðila þar sem eina breytingin sem gerð var á grundvelli 4. gr. skuldabréfsins hafi verið sóknaraðila til hagsbóta.

Að mati varnaraðila getur sóknaraðili ekki byggt kröfu sína á því að honum hafi einungis borið að greiða almenna vexti samkvæmt 4. gr. vaxtalaga. Vísar varnaraðili til þess að upphaflegir samningsvextir skuldabréfsins hafi verið skýrt tilteknir 4,15% og því eigi ákvæði 4. gr. vaxtalaga ekki við.

Varnaraðili mótmælir því að hvers konar brot á ákvæðum 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994 leiði sjálfkrafa til þess að varnaraðila sé aðeins heimilt að innheimta vexti sem nema almennum vöxtum samkvæmt 4. gr. vaxtalaga. Byggir varnaraðili á því að enginn algild regla sé til þess efnis að samningsákvæði sem ekki samrýmast tilteknum lagaákvæðum teljist ógild af þeim sökum, heldur þurfi að skoða hver einstök lög með hliðsjón af eðli þeirra og markmiðum. Vísar varnaraðili til meginreglunnar um að samningar séu skuldbindandi eftir efni sínu. Varnaraðili vísar til 26. og 27. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán sem mæla fyrir um lögfylgjur við broti gegn lögunum.

Þá hafnar varnaraðili því að ógildingarregla 36. gr. c. samningalaga eigi við sem myndi leiða til ógildingar á 4. gr. skuldabréfsins. Byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á að hinir upphaflegu vextir sem samið var um, þ.e. 4,15%, hafi verið ósanngjarnir, ólögmætir eða ógildir heldur einungis skilmálar skuldabréfsins sem vörðuðu breytingar á vöxtum, sem voru aðeins nýttir sóknaraðila til hagsbóta. Að mati

varnaraðila var um að ræða fyrirsjáanlega og gagnsæja vaxtaprósentu sem sóknaraðili hafi beinlínis samþykkt með undirritun sinni á skuldabréfið.

Í öðru lagi byggir varnaraðili á því, komist Úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að sóknaraðili hafi ofgreitt vexti, að krafa um endurgreiðslu ofgreiddra vaxta sé fyrnd að undanskilinni síðustu vaxtagreiðslunni að fjárhæð 46.489 kr. sem greidd var 15. janúar 2018 við uppgreiðslu höfuðstóls. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi greitt af skuldabréfinu 4 sinnum á ári. Síðasta afborgunin hafi verið 4. desember 2017. Byggir varnaraðili á því að almennur fyrningarfrestur samkvæmt fyrningalögum nr. 150/2007 sé 4 ár og reiknist sá frestur frá hverri vaxtagreiðslu. Að mati varnaraðila getur sóknaraðili því ekki átt kröfu á hendur varnaraðila um ofgreidda vexti sökum fyrningar, nema fyrir síðustu vaxtagreiðslunni sem var ófyrnd þegar málið var sent til Úrskurðarnefndarinnar.

Í þriðja lagi byggir varnaraðili á því að hafna beri kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu uppgreiðslugjalds. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili telji 11. tl. skuldabréfsins ólögmætan og því beri varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila 369.043 kr. vegna ólögmæts uppgreiðslugjalds ásamt dráttarvöxtum frá 15. janúar 2018. Varnaraðili tekur fram að þegar lántakar greiða upp lán fyrir umsaminn gjalddaga verði lánveitandi af vaxtatekjum. Gjaldtaka sem búið væri að semja um og ætti sér stoð í lögum miði að því að bæta kröfuhafa það tjón á almennum hlutlægum grunni. Vísar varnaraðili til þess að af almennum reglum um lagaskil, 2. mgr. 36. gr. laga um neytendalán og 1. mgr. 63. gr. laga um fasteignalán til neytenda, leiði að um samninga um lán sem gerð voru fyrir gildistöku laganna fari um réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt þeim lögum sem giltu um veitingu láns til neytenda á þeim tíma þegar lánið var upphaflega veitt. Í fyrirliggjandi máli hafi það verið lög nr. 121/1994 um neytendalán. Vísar varnaraðili til þess að samkvæmt 16. gr. laga nr. 121/1994 hafi varnaraðila verið heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds þegar sóknaraðili greiddi upp eftirstöðvar lánsins á þeim tíma sem vextir voru fastir. Í 11. tl. skuldabréfsins hafi verið skýr heimild til handa varnaraðila að krefjast gjalds vegna greiðslu fyrir gjalddaga. Vísar varnaraðili til dóms Landsréttar í máli nr. 307/2018 framangreindu til stuðnings.

Varakrafa varnaraðila um lækkun byggir á því að kröfur sóknaraðila hafi verið fyrndar þegar málið var sent til Úrskurðarnefndarinnar hinn 11. janúar 2022 fyrir utan síðustu greiðslu vaxta að fjárhæð 46.489 kr. Varnaraðili krefst því þess til vara að kröfur sóknaraðila verði lækkaðar í 46.489 kr.

Loks byggir varnaraðili á því að vísa beri frá kröfu sóknaraðila um afhendingu gagna með vísan til b. liðar 4. gr. samþykkta Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem krafan verði ekki metin til fjár. Varnaraðili hafi afhent sóknaraðila öll þau gögn sem sóknaraðili óskaði eftir í tengslum við lánveitinguna og hafi varnaraðili aldrei hafnað því að afhenda sóknaraðila aftur afrit af þeim gögnum.

Í viðbótarathugasemdum varnaraðila, dags. 30. mars 2022, kemur fram að enginn ágreiningur sé til staðar um að skilmáli umrædds skuldabréfs hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru í 6. og 9. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994. Það hafi hins vegar ekki haft áhrif á upphaflegu vaxtaprósentuna sem sóknaraðili samþykkti og gilti þar til varnaraðili ákvað að nýta sér heimild til vaxtaendurskoðunar. Þá hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni af því að varnaraðili nýtti sér endurskoðunarheimildina.

Varðandi tilvísun sóknaraðila til 5. mgr. 18. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu tekur varnaraðili fram að ákvæðið kveði ekki berum orðum á um hvernig skuli farið með kröfur skuldara sem fallið hafa niður fyrir fyrningu. Vísar varnaraðili til þess að bráðabirgðaákvæði og dómaframkvæmd Hæstaréttar í tilefni af ólögmætum

gengistryggingum hafi vikið frá meginreglum fyrningarlaga um lengd fyrningarfrests krafna vegna ólögmætrar gengistryggingar. Með hliðsjón af því og að undantekningar frá meginreglum beri að túlka þröngt telur varnaraðili ljóst að fyrningarfrestur krafna á grundvelli endurútreikninga vegna ólögmætra vaxta og/eða verðtryggingar, skv. 5. mgr. 18. gr. vaxtalaga reiknist frá lögákveðnum upphafsdegi fyrningarfrests hverju sinni, burtséð frá því hvenær endurútreikningur hafi átt sér stað, sbr. Hrd. 425/2017 og Lrd. 185/2019. Um kröfu sóknaraðila gildi ekki sérreglur um upphafsdag eða lengd fyrningarfrests og lúti krafan því almennum fyrningarreglum kröfuréttar.

V.
Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að ákvæðum í veðskuldabréfi nr. X, dags. 27. apríl 2005. Ágreiningurinn lýtur annars vegar að skilmála 4. tl. veðskuldabréfsins, um heimild varnaraðila til vaxtaendurskoðunar, og hins vegar skilmála 11. tl. veðskuldabréfsins um uppgreiðslugjald.

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi að nefndin úrskurði að skilmáli um vaxtaendurskoðun í 4. tl. veðskuldabréfsins sé ógildur og að varnaraðila hafi frá og með 27. apríl 2010 verið óheimilt að krefja sóknaraðila um hærri vexti af skuldinni en kveðið væri á um í 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Óumdeilt er í málinu að skilmáli 4. tl. umrædds skuldabréfs sem snýr að heimild varnaraðila til að breyta vaxtaálagi á 5 ára fresti uppfyllti ekki kröfur laga um neytendalán nr. 121/1994, sem giltu þegar lánið var tekið. Það er að segja skilmálinn uppfyllti ekki skilyrði laganna um að tilgreina með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir myndu breytast.

Samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 1. og 5. mgr. 18. gr. sömu laga, eru skilyrði fyrir endurútreikningi og vöxtum skv. ákvæðinu að samið hafi verið um að skuld beri vexti en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun sé ekki tiltekin, eða að samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu teljist ógild.

Án tillits til þess hvort varnaraðila hafi verið heimilt að beita ákvæðum skuldabréfsins um breytingu á vöxtum kemur skýrlega fram í skuldabréfinu að lánið beri 4,15% vexti við lánveitingu. Hafi skilyrði fyrir breytingu á vöxtum skuldabréfsins ekki verið til staðar standa efni ekki til annars en að skuldin hafi borið þá vexti sem koma fram í skuldabréfinu á lánstímanum án breytinga. Skilyrði fyrrnefndra ákvæða laga um vexti og verðtryggingu fyrir öðrum vöxtum en tilgreindir voru í skuldabréfinu teljast því ekki uppfyllt, sbr. úrskurður nefndarinnar í máli nr. 17/2019.

Af framangreindu leiðir að krafa sóknaraðila, um að varnaraðila hafi aðeins verið heimilt frá og með fyrsta vaxtaendurskoðunardegi að krefja sóknaraðila um vexti af skuldinni í samræmi við 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, á sér ekki stoð í samningi aðila, né verður henni fundin stoð í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu eða öðrum málsástæðum sóknaraðila. Þá ber einnig að líta til þess að varnaraðili hafi eingöngu nýtt vaxtabreytinguna til ívilnunar sóknaraðila og lækkað vaxtaálag úr 0,65% í 0,4%. Voru samanlagðir vextir því 3,9% eftir vaxtaendurskoðun og gilti það vaxtaálag þar til lánið var greitt upp hinn 15. janúar 2018. Að framangreindu virtu er kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á ofteknum vöxtum því hafnað.

Sóknaraðili krefst þess í öðru lagi að nefndin úrskurði að skilmáli um uppgreiðslugjald í 11. tl. umrædds skuldabréfs sé ólögmætur og að varnaraðila beri að endurgreiða sóknaraðila 551.779 kr. vegna ólögmæts uppgreiðslugjalds, ásamt dráttarvöxtum frá 15. janúar 2018.

Samkvæmt 11. tl. skuldabréfsins er kveðið á um að skuldin sé uppgreiðanleg að nokkru eða öllu leyti á hverjum gjalddaga gegn samþykki kröfuhafa hverju sinni og uppgreiðslugjaldi sem reiknast í hlutfalli af niðurgreiddum höfuðstól. Þegar umrætt skuldabréf var gefið út voru engar takmarkanir í lögum um fjárhæð slíkrar gjaldtöku eða hvernig gjaldið skyldi ákveðið. Samkvæmt 16. gr. laga um neytendalán nr. 121/1994, sem voru í gildi þegar skuldabréfið var gefið út, var varnaraðila heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds þegar sóknaraðili greiddi upp eftirstöðvar lánsins á þeim tíma sem vextir voru fastir. Af athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 33/2013 var við setningu þeirra miðað við að ákvæði um uppgreiðslugjald í samningum sem gerðir hefðu verið fyrir gildistöku laga nr. 62/2008 héldu gildi sínu, sbr. dómur Landsréttar í máli nr. 307/2018. Með útgáfu skuldabréfsins skuldbatt sóknaraðili sig því til að hlíta þeirri gjaldtöku sem varnaraðili tekur ákvörðun um hverju sinni með almennri gjaldskrá. Að framangreindu virtu er kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu vegna ólögmæts uppgreiðslugjalds hafnað.

Sóknaraðili hefur einnig krafist þess að nefndin úrskurði að varnaraðila sé skylt að afhenda sér öll gögn sem tengjast framangreindu láni. Af málatilbúnaði sóknaraðila varðandi kröfu um afhendingu gagna verður ekki ráðið á hvaða lagaákvæðum eða málsástæðum sóknaraðili byggir kröfu sína á. Varnaraðili kveðst hafa afhent sóknaraðila öll umbeðin gögn og verður ekki ráðið af málatilbúnaði sóknaraðila hvaða gögnum hann hefur óskað eftir sem varnaraðili hefur ekki afhent. Þá hefur sóknaraðili ekki gert nánar grein fyrir því hvaða gögn hann óskar eftir að varnaraðili afhendi. Samkvæmt i. lið 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndarinnar fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila um afhendingu gagna frá úrskurðarnefndinni, sbr. i. liður 4. gr. samþykkta nefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila M á hendur varnaraðila F er hafnað.

Reykjavík, 2. júní 2022.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson — Hrannar Jónsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir — Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2022, fimmtudaginn, 12. maí er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 1. febrúar 2022, með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 3. febrúar 2022, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir varnaraðila bárust með bréfi dags. 10. mars 2022 og voru þær sendar sóknaraðila í tölvupósti 11. mars 2022. Athugasemdir sóknaraðila við þeim bárust 18. mars 2022 og þær áframsendar varnaraðil sama dag. Viðbótarathugasemdir varnaraðila bárust 22. mars 2022 og viðbótarupplýsingar frá sóknaraðila í tölvupósti 3. maí 2022 sem kynntar voru varnaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 28. apríl og 12. maí 2022.

II.
Málsatvik

Eiginmaður sóknaraðila lést hinn 8. desember 2021. Hann var með reikning í útibúi F, nr. X. Á dánardegi var reikningur hans yfirdreginn um 1.214.975 kr., yfirdráttarheimild á reikningnum var að fjárhæð 1.215.000 kr.

Eftir andlát eiginmanns voru lagðar inn samtals 596.398 kr. á reikning hans. Hinn 9. desember 2021 lögðu Sjúkratryggingar Íslands 18.618 kr. inn á reikninginn. Vátryggingafélag lagði 9.316 kr. inn á reikninginn hinn 10. desember 2021 og hinn 22. desember 2021 lagði stéttarfélag eiginmanns M, 568.464 kr. inn á reikninginn, með þremur millifærslum.

Með bréfi, dags. 7. janúar 2022, staðfesti Sýslumaðurinn á Suðurnesjum að skiptum á dánarbúi eiginmanns M hefði verið lokið sem eignalausu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

Hinn 12. janúar 2022 sendi umboðsmaður sóknaraðila tölvupóst til varnaraðila og krafðist þess að bankinn legði 596.398 kr. inn á reikning sóknaraðila þar sem dánarbúið hefði fengið innborganir á reikning hins látna sem væri eign dánarbúsins. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila daginn eftir og vísaði til þess að sóknaraðili ætti ekki rétt á því að fá innborganirnar millifærðar til sín þar sem staðan á bankareikningnum hjá varnaraðila væri í mínus og því ekki um neina inneign að ræða.

Varnaraðili tók fram að hægt yrði að endurskoða afstöðu bankans ef stéttarfélagið staðfesti að greiðslurnar frá því væri dánarstyrkur eða útfararstyrkur.

Umboðsmaður sóknaraðila mótmælti afstöðu varnaraðila samdægurs og ítrekaði kröfu sína um að eign dánarbúsins yrði greidd sóknaraðila. Þá taldi umboðsmaður sóknaraðila útfararkostnað vera forgangskröfu sem gangi framar skuldum eiginmanns M við aðra, þ.á.m. yfirdráttar hjá varnaraðila. Varnaraðili hafnaði kröfu sóknaraðila á ný hinn 20. janúar sl. með vísan til þess að röksemdir umboðsmannsins ættu ekki við þegar um eignalaust bú samkvæmt 25. gr. laganna væri að ræða.

III.
Umkvörtunarefni

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér fjármuni sem lagðir voru inn á bankareikning nr. X í útibúi F, eftir 8. desember 2021, samtals að fjárhæð 596.398 kr.

Sóknaraðili vísar til þess að stærstur hluti fjárhæðarinnar sem lögð var inn á reikning hins látna eftir andlát hafi verið útfararstyrkur til fjölskyldunnar frá stéttarfélagi hins látna. Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi neitað að afhenda þá eign á þeim forsendum að við andlát hafi yfirdráttarheimild á reikningi hins látna verið felld niður og því væri það sem greitt hafði verið á reikninginn eftir andlát ekki til útgreiðslu. Sóknaraðili vísar til þess að eiginmaður M hafi látið eftir sig skuldir hjá öðrum fjármálafyrirtækjum en varnaraðila, t.d. kreditkortafyrirtækjum. Einu eignir sem dánarbúið átti, fyrir utan fyrrnefndar greiðslur, hafi verið gömul bifreið sem nýverið var metin á 110.000 kr.

Sóknaraðili byggir á því að samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1991 taki dánarbú látins manns við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut og einnig við fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést. Sóknaraðili vísar jafnframt til 16. gr. laganna um skyldur þess sem hefur eign dánarbús í vörslum sínum til að gæta hennar þar til annar hefur fengið heimild til umráða. Sóknaraðili byggir á því að meginreglan sé sú að vörslur eignar verði áfram hjá þeim sem hafði umsjón með henni við andlátið og gegni því þangað til að sýslumaður framselji eignina til að kosta útför, m.a. ef skiptum er lokið samkvæmt 25. gr. laganna. Samkvæmt 25. gr. laganna fari sýslumaður með forræði dánarbús þangað til að hann framselur eignir búsins til þess sem tekur að sér að kosta útför hins látna, lýsi sá hinn sami því yfir að andvirði eigna dánarbúsins nemi ekki meira en kostnaði af útför. Þá miði sýslumaður við að kostnaður sé almennt hóflegur.

Sóknaraðili byggir á því að Sýslumaðurinn á Suðurnesjum hafi lokið skiptum á dánarbúi hins látna á þessum forsendum og um leið framselt eignir þess, þ.e. bankareikninga og bifreiðina Y, til sóknaraðila gegn því að hún tæki við þeim skyldum sem því fylgi að kosta útför hans. Sýslumaður hafi gefið út staðfestingu á því hinn 7. janúar 2022.

Með hliðsjón af framangreindu byggir sóknaraðili á því að útfararkostnaður sé forgangskrafa í dánarbúið. Af því leiði að varnaraðili geti ekki ráðstafað eignum dánarbúsins að eigin frumkvæði með þeim hætti sem hann hefur gert og eigi hann því að greiða sóknaraðila þá fjármuni sem lagðir voru inn á reikning nr. X eftir andlát eiginmanns M.

Í viðbótarathugasemdum vísar sóknaraðili til þess að hinn 10. desember 2021 hafi sóknaraðila verið veitt heimild með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991, til ráðstöfunar á bankainnistæðum til greiðslu útfararkostnaðar af Sýslumanninum á Suðurnesjum. Sóknaraðili hafi í kjölfarið farið í útibú varnaraðila og óskað eftir því að

fá þá fjármuni sem á reikninginn höfðu verið greiddar. Beiðni hennar hafi verið hafnað á þeirri forsendu að fjármunirnir hefðu farið í að greiða yfirdráttarskuld hins látna við varnaraðila. Þá hafi sóknaraðili verið hvött til að gera ráðstafanir með að greiða skuldir hins látna. Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi verið upplýstur í tölvupósti um að hinn látni hafi einungis átt bankareikninga hjá varnaraðila. Þá byggir sóknaraðili á því að það sé ekki hlutverk varnaraðila að skammta sóknaraðila þá fjármuni sem voru á reikningnum hins látna á dánardegi og voru lagðir inn eftir andlát hans, hafi sýslumaður á annað borð framselt þá til aðstandenda. Sóknaraðili vísar til þess að henni hafi ekki enn tekist að selja bifreið Y til að mæta kostnaði vegna útfarar.

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila hafi verið óheimilt að ráðstafa því fé sem lagt var inn eftir andlát, með því að ætla að greiða niður yfirdráttarskuld hins látna við varnaraðila. Sýslumaður hafi einn heimild til að ráðstafa fjármunum eða eignum dánarbúsins, t.d. til að greiða kostnað af útför, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991.

Í viðbótarathugasemdum leggur sóknaraðili fram skattframtal þeirra hjóna 2021 og staðfestingu frá stéttarfélaginu.

IV.
Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt 2. gr. laga nr. 20/1991 tekur dánarbú látins manns við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut og einnig við fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á þeim látna þegar hann lést, nema annað leiði af réttarreglum, löggerningi eða eðli réttindanna.

Varnaraðili byggir á því að í fyrirliggjandi máli hafi sýslumaður farið með forræði dánarbúsins frá andláti og til skiptaloka og hafi hann einn verið bær að ráðstafa málefnum dánarbúsins með gildum hætti, sbr. 11. gr. laganna. Í þessu máli hafi sóknaraðili aldrei fengið umráð dánarbúsins.

Varnaraðili vísar til þess að sýslumaður geti ráðstafað eða heimilað aðstandendum hins látna að ráðstafa fjármunum eða eignum dánarbúsins til að greiða kostnað við útför, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna. Í þessu máli hafi sýslumaður framselt ákveðnar eignir dánarbúsins til sóknaraðila og hún tekið við réttindum og skyldum sem þeim fylgdu en skilyrði hafi verið að andvirði eignanna yrði notað til greiðslu útfararkostnaðar. Þær eignir sem framseldar voru sóknaraðila voru bifreiðin Y og bankareikningar.

Varnaraðili mótmælir tilvísun sóknaraðila til 16. gr. laga nr. 20/1991. Bendir varnaraðili á að ákvæðið taki ekki til peningaeignar á reikningi hjá fjármálafyrirtæki heldur eignum dánarbús sem metnar verða til fjár, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna. Engin eign var á bankareikningi hins látna hjá varnaraðila og því eigi ákvæðið ekki við í þessu máli.

Varnaraðili byggir á því að skiptum á dánarbúi eiginmanns M hafi verið lokið hinn 7. janúar sl. á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1991 sem eignarlausu. Samkvæmt ákvæðinu geti sýslumaður lokið skiptum með einföldum hætti ef erfingjar staðfesta að eignir búsins séu ekki meiri en sem nemi kostnaði af útför hins látna. Varnaraðili vísar til þess að sýslumaður taki slíka yfirlýsingu um eignarleysi ekki gilda nema hún stafi frá aðila sem hafi næga yfirsýn yfir fjárhag hins látna. Varnaraðili byggir á því að mjög líklega hafi sóknaraðili gefið út þessa yfirlýsingu og að hún hafi haft góða yfirsýn yfir fjárhag hins látna, m.a. hafi hún vitað að búið væri að leggja inn á bankareikninga hans hjá varnaraðila eftir andlátið og að reikningurinn væri í mínus þrátt fyrir innborganirnar. Varnaraðili vísar til þess að sýslumaður hafi framselt eignir til

sóknaraðila til að kosta útförina. Engin eign hafi verið á bankareikningi hins látna hjá varnaraðila en fleiri bankareikningar hafi verið framseldir sóknaraðila og mögulegt að inneign hafi verið á þeim.

Varnaraðili byggir á því að greiðslur hafi borist inn á bankareikning hins látna hjá varnaraðila strax eftir andlát og ganga megi út frá því að hann hafi óskað eftir því að umræddar fjárhæðir yrðu lagðar inn á reikninginn. Að mati varnaraðila voru innborganirnar greiðsla inn á skuld hins látna við bankann. Innborganirnar hafi ekki greitt upp skuldina samkvæmt yfirdrættinum á reikningnum og því sé ekki um inneign að ræða sem sóknaraðili eigi rétt á að fá greitt til sín.

Varnaraðili vísar til þess að þegar sýslumaður lauk skiptum á dánarbúinu 7. janúar sl. hafi verið búið að leggja framangreindar fjárhæðir inn á reikninginn. Staðfesting sýslumanns taki ekki sérstaklega til þessara greiðslna heldur hafi sýslumaður framselt eignir á bankareikningnum. Ekki væri um eign að ræða á reikningi hins látna sem sóknaraðili hafi fengið framselt til sín. Byggir varnaraðili á því að sóknaraðili hafi ekki umboð sýslumanns til að gera umrædda fjárkröfu á hendur varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að hafa óskað eftir staðfestingu á því að innborganir á bankareikninginn væru útfararstyrkur, sem gæti leitt til þess að varnaraðili endurskoðaði afstöðu sína. Slík staðfesting hafi ekki verið afhent varnaraðila.

Í viðbótarathugasemdum varnaraðila mótmælir varnaraðili þeirri fullyrðingu sóknaraðila að Sýslumaðurinn á Suðurnesjum hafi hinn 10. desember sl. veitt sóknaraðila heimild, með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 20/1991, til þess að ráðstafa bankainnistæðum til greiðslu útfararkostnaðar. Engin gögn hafi verið lögð fram framangreindu til staðfestingar, en fyrir liggi að með staðfestingu sýslumanns á skiptalokum hafi sóknaraðili fyrst fengið framseldar eignir hins látna, bifreið og bankareikninga, með því skilyrði að þeim yrði varið til greiðslu útfararkostnaðar.

Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sóknaraðila um að hún hafi verið hvött af starfsmönnum bankans til þess að gera ráðstafanir til þess að greiða skuldir hins látna.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi lagt fram staðfestingu frá stéttarfélagi hins látna vegna greiðslu á dánarbótum vegna útfararkostnaðar, að fjárhæð 413.800 kr. Varnaraðili leggur fram staðfestingu á því að hafa millifært framangreinda fjárhæð inn á reikning sóknaraðila.

Að öðru leyti krefst varnaraðili þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað um endurgreiðslu á öðrum innborgunum á reikninginn frá andláti og fram að skiptalokum og vísar til þess að samkvæmt framlagðri staðfestingu frá stéttarfélaginu dags. 3 maí, 2022 var annars vegar um að ræða um að ræða greiðslu sjúkradagpeninga fram að dánardegi kr. 77.864 og hins vegar greiðslu jólastyrks að fjárhæð 76.800.

V.
Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort varnaraðila beri að greiða sóknaraðila fjármuni sem lagðir voru inn á bankareikning nr. X í útibúi F, eftir 8. desember 2021, samtals að fjárhæð 596.398 kr. eftir andlát reikningseigenda en áður en skiptum lauk á dánarbúi hans þ. 7. janúar 2022. Eins og gögn málsins bera með sér var reikningur hins látna á dánardegi yfirdreginn um 1.214.975 kr. Samkvæmt gögnum málsins lauk skiptum á dánarbúinu sem eignalausu samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 en sóknaraðili fékk yfirráð yfir tilgreindum eignum dánarbúsins til að standa undir útfararkostnaði. Undir rekstri málsins hjá nefndinni lagði sóknaraðili fram staðfestingu frá stéttarfélagi hins látna vegna greiðslu á dánarbótum vegna

útfararkostnaðar, að fjárhæð 413.800 kr. Þá lagði varnaraðili fram staðfestingu á því að hafa millifært framangreinda fjárhæð inn á reikning sóknaraðila og telur nefndin að með því hafi verið fallist á kröfu sóknaraðila hvað þann hluta kröfu sóknaraðila varðar og kemur sá hluti kröfunnar því ekki til frekari skoðunar hjá nefndinni. Nefndin telur að þar sem aðrar umþrættar greiðslur sem lagðar voru inn á reikning hins látna tengdust ekki útfararkostnaði heldur framfærslu hans þá sé ekki unnt að fallast á að sóknaraðili eigi kröfu til þeirra greiðslna. Þar sem engin innistæða var á bankareikningi við skiptalok var heldur ekki um að ræða neina eign hins látna. Með vísan til alls framangreinds er kröfu sóknaraðila hafnað að hluta.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila M á hendur varnaraðila F er hafnað að hluta.

Reykjavík, 12. maí 2022.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir | Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson | Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2022, fimmtudaginn 10. nóvember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Hrannar Jónsson, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 13. júní 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 14. júní 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 18. ágúst 2022. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar hinn 25. ágúst 2022, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust 8. september 2022 með bréfi 8. september 2022. Bréfið áframsent varnaraðila sama dag og barst tölvupóstur frá varnaraðila 13. september um að hann hefði ekki frekari athugasemdir.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. október, 3. og 10. nóvember 2022

II.
Málsatvik.

Hinn 16. febrúar 2022 framkvæmdi sóknaraðili millifærslu að fjárhæð 55.000,00 evrur á almennu kaupgengi 140,51 af fyrirtækjareikningi X, en sóknaraðili er stjórnarformaður félagsins og eigandi ásamt eiginkonu sinni, inn á persónulegan gjaldeyrisreikning Y sóknaraðila. Sama dag framkvæmdi sóknaraðili millifærslu með símgreiðslu að fjárhæð 50.041,66 evrur á almennu sölugengi 141,49 af persónulegum reikningi sínum inn á þýskan reikning í sinni eigu. Millifærði varnaraðili af reikningi sóknaraðila 68,92 evrur undir þeim formerkjum að sú fjárhæð væri staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts af gengishagnaði sóknaraðila, sem varnaraðila hafi verið skylt að draga frá. Stuttu síðar sama dag framkvæmdi sóknaraðili millifærslu að fjárhæð 5.000,00 evrur á almennu kaupgengi 140,51 frá persónulegum gjaldeyrisreikningi sínum inn á fyrirtækjareikning X.

Bæði persónulegur gjaldeyrisreikningur sóknaraðila og fyrirtækjareikningur X eru hjá varnaraðila.

Lögmaður sóknaraðila sendi varnaraðila bréf hinn 22. febrúar 2022 þar sem hann óskaði nánari útskýringa á framangreindum gengismismun. Í svarbréfi varnaraðila, dags. 5. apríl 2022, segir meðal annars að varnaraðila sé skylt að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af gengishagnaði verði til hagnaður vegna breytinga

á gengi viðkomandi gjaldmiðils þegar lagt sé inn á reikning, þ.e. á kaupgenginu 140,51, og þegar fjármunirnir flytjast út af honum, þ.e. á sölugenginu 141,49. Í svarbréfinu segir einnig að hvort kaup- eða sölugengi sé valið ráðist af svokölluðu Sopra-kerfi, sem sé rekið af Reiknistofu bankanna hf., kt. 470111-0540.

Með bréfi dags. 6. apríl 2022 til Reiknistofu bankanna óskaði sóknaraðili nánari útskýringa á síðastnefnda atriðinu hér að ofan. Í svari Reiknistofu bankanna, sem er dags. 11. maí 2022, var tekið fram að val um kaup- eða sölugengi ráðist ekki sjálfkrafa af Sopra-kerfinu, heldur af þeim fyrirmælum sem notendur kerfisins gefi því og að Reiknistofa bankanna hafi ekki áhrif á hvaða gengi hver millifærsla sé bókuð í kerfinu.

Hinn 12. maí 2022 sendi lögmaður sóknaraðila bréf til varnaraðila þar sem upplýst var um efni framangreinds bréfs Reiknistofu bankanna og ítrekuð fyrri ósk um nánari útskýringar á umþrættum gengismismun. Í svarbréfi varnaraðila, dags. 2. júní 2022, kemur meðal annars fram að millifærslur milli gjaldeyrisreikninga í sömu mynt innan varnaraðila bókist almennt á kaupgengi en allar símgreiðslur af gjaldeyrisreikningum varnaraðila til annarra reikninga en þeirra sem eru innan bankans, bókist á almennu sölugengi og að það ráðist af eðli viðskipta á hvaða gengi viðskipti eru framkvæmd.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði að við útreikning á fjármagnstekjuskatti vegna greiðslu sóknaraðila hinn 16. febrúar 2022 af reikningi hans Y í varnaraðila inn á reikning sóknaraðila í Þýskalandi að fjárhæð 50.041,66 evrur hafi varnaraðili ranglega notast við gengið 141,49.

Í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að við ofangreinda færslu hafi varnaraðila borið að notast við gengið 140,51.

Í þriðja lagi krefst sóknaraðili þess að vegna ofangreindrar færslu hafi varnaraðila verið óheimilt að reikna og draga fjármagnstekjuskatt af ofangreindum bankareikningi sóknaraðila eða til vara að fjármagnstekjuskatturinn hafi átt að vera lægri en þær 68,92 evrur sem dregnar voru af reikningi hans.

Í fjórða lagi krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að varnaraðila sé óheimilt að notast við eitt gengi við útreikning á fjármagnstekjuskatti vegna millifærslna milli evrureikninga innan varnaraðila en annað gengi vegna millifærslna á erlenda reikninga.

Sóknaraðili byggir á því að ekki hafi myndast gengishagnaður. Sóknaraðili hafi aldrei keypt eða selt gjaldeyri heldur væru fjármunirnir, sem hann millifærði annað hvort sjálfur eða fyrir hönd X allar í evrum.

Einnig byggir sóknaraðili á því að ekki hafi verið notast við rétt gengi þegar reiknaður var fjármagnstekjuskattur af greiðslunni inn á þýska reikninginn vegna þess að notast var við annað og lægra gengi í tengslum við tvær greiðslur örskömmu áður og örskömmu síðar. Engar sveiflur væru í genginu á þeim tíma sem leið á milli greiðslnanna enda sé það ekki sú skýring á gengismismuninum sem varnaraðili hafi gefið.

Þá byggir sóknaraðili á því að gæta beri jafnræðis í því hvaða gengi sé notað og notast eigi við lægra gengið í öllum tilvikum.

Í viðbótarathugasemdum sóknaraðila mótmælir hann öllum málatilbúnaði varnaraðila. Því sé mótmælt að það hafi einhverja þýðingu í málinu þó varnaraðili hafi ákveðið að innleysa þá erlendu fjármuni sem geymdir væru á evrureikningi sóknaraðila og umreiknað þá í íslenskar krónur. Engin viðhlítandi skýring sé gefin á því hvers vegna

notast væri við sölugengi þegar greiðslan væri send erlendis og það sé ekki eitthvað sem sóknaraðili hafi óskað eftir.

Sóknaraðili mótmæli því að eðli þeirra viðskipta sem um ræði sé ólíkt á þann hátt að það skipti máli fyrir ákvörðun á gengi vegna útreiknings á gengishagnaði í skattalegu tilliti. Í skattalegu tilliti hafi enginn munur verið á millifærslunum örskömmu á undan og örskömmu á eftir að hin umdeilda millifærsla var framkvæmd.

Umfjöllun varnaraðila um heimild til að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af bankareikningi sóknaraðila sé mótmælt sem tilgangslausri fyrir málið.

Því sé mótmælt að það hafi einhverja þýðingu hvort símgreiðsla fari í gegnum SWIFT kerfi eða eigin kerfi varnaraðila þegar ákvörðun gengis vegna útreiknings á staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts. Varnaraðili geri enga tilraun til að útskýra muninn í því ljósi.

Að lokum sé því sérstaklega mótmælt að það skipti máli að sama fyrirkomulag gildi hjá „hinum viðskiptabönkunum“.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar því að hafa ranglega notast við gengið 141,49 þegar sóknaraðili í netbanka sínum framkvæmdi símgreiðslu til Þýskalands og að borið hafi að notast við gengið 140,51 í þeirri aðgerð sem sóknaraðili framkvæmdi í netbanka sínum hinn 16. febrúar 2022.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að símgreiðslur af gjaldeyrisreikningum bókist á sölugengi, sem væri það sama hjá öllum viðskiptavinum sínum sem framkvæmdu símgreiðslu í netbanka sínum.

Í símgreiðslu sóknaraðila af reikningi sínum felist tvíþætt aðgerð. Annars vegar innlausn þeirra erlendu fjármuna sem þar séu geymdir og hins vegar millifærsla þeirra erlendis til. Við innlausn sé erlend mynt reikningsins umreiknuð í íslenskar krónur og stofni þá gengi myntarinnar í íslenskum krónum það gengi sem miðuð sé við, við útreikning gengishagnaðar. Þar sem sóknaraðili var í umrætt sinn að senda evrur erlendis með símgreiðslu, bókist sú aðgerð á sölugengi evru á þeim tíma sem aðgerðin var framkvæmd.

Þá segi í 5. gr. almennra skilmála innlánsreikninga varnaraðila, sem fjalli um verðskrá, að viðskipti í erlendum myntum fari eftir gengistöflu bankans eins og hún sé hverju sinni svo og að það ráðist af eðli viðskipta á hvaða gengi viðskipti séu framkvæmd. Síðan segir í kaflanum að ef gengismunur myndast vegna viðskipta beri viðskiptavinir áhættuna af því, nema samið hafi verið um annað. Við stofnun gjaldeyrisreiknings hjá varnaraðila samþykki viðskiptavinir almenna skilmála innlánsreikninga og sóknaraðila megi því vera ljóst að mismunandi aðgerðir geti ýmist heimfærst á kaup- eða sölugengi.

Þá sé varnaraðila nauðsynlegt að umreikna fjárhæð mynta gjaldeyrisreikninga yfir í íslenska krónu þegar skattskylda fjármunanna stofnist, óháð þeirri mynt sem gjaldeyrisreikningurinn sé í samkvæmt fyrirmælum 4. töluliðar 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. úrskurð Yfirskattanefndar nr. 74/2022.

Um heimild varnaraðila til að halda eftir staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts af bankareikningi sóknaraðila vísar varnaraðili til 3. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996, sbr. 4. tölulið 2. mgr. 8. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og úrskurð Yfirskattanefndar nr. 74/2022.

Við útreikning gengishagnaðar gjaldeyrisreikninga varnaraðila sé beitt svokallaðri „first in-first out“ reglu. Í henni felist að mismunur gengis elstu innstæðu gjaldeyrisreikningsins og útborgunar hverju sinni myndi þann gengishagnað sem fjármagnstekjuskatti sé haldið eftir af hverju sinni. Því kunni svo að vera að miðað sé við fleiri en eitt gengi við hverja útborgun og þannig til dæmis gengistap gjaldeyrisreiknings nýtt til lækkunar gengishagnaðar sama reiknings.

Um rökstuðning vegna notkunar kaup- eða sölugengis eftir því hvaða aðgerð sé framkvæmd hverju sinni vísar varnaraðili til þess að við flutning fjármuna milli reikninga með símgreiðslu hverju sinni geti annars vegar verið notast við svokallað SWIFT kerfi, sem bókist á sölugengi, og hins vegar eigin kerfi varnaraðila, sem bókist á kaupgengi.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur í megindráttum að því hvort varnaraðila hafi verið heimilt að miða við sölugengi á evru hinn 16. febrúar 2022 þegar reiknaður var út gengishagnaður sóknaraðila og afdráttur fjármagnstekjuskatts vegna hans.

Sóknaraðili byggir kröfur sína á því að ekki hafi myndast gengishagnaður, enda sé varnaraðila óheimilt að miða við sölugengi og kaupgengi til skiptis að eigin geðþótta. Varnaraðili byggir á því að gengishagnaðurinn grundvallist á því að allar símgreiðslur með SWIFT séu bókaðar á sölugengi en að allar millifærslur milli reikninga innan varnaraðila séu bókaðar á kaupgengi. Jafnframt byggir varnaraðili á því að sóknaraðila hafi mátt vera þetta ljóst með vísan til 5. gr. almennra skilmála innlánsreikninga varnaraðila.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 4. gr. samþykkta úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki og aðra veitendur fjármálaþjónustu fjallar úrskurðarnefndin ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld. Af lögum um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum nr. 94/1996 verður ráðið að ágreiningsefni þessa máls heyrir undir ríkisskattstjóra. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að vísa kröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni af sjálfsdáðum með vísan til a. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykkta nefndarinnar.

Með vísan til 5. mgr. 4. gr. samþykkta nefndarinnar bendir nefndin sóknaraðila á möguleikann á að leggja málið fyrir ríkisskattstjóra, sbr. 13. gr. laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum nr. 94/1996.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá.

Reykjavík, 10. nóvember 2022.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir — Hrannar Jónsson

Jóhann Tómas Sigurðsson — Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2022, 8. desember, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 30. september 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. 21. september 2022. Með tölvupósti nefndarinnar 6. október 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 25. október 2022. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar sama dag og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki bárust frekari athugasemdir frá sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 1. og 8. desember 2022.

II.
Málsatvik.

Með dómi Landsréttar 2020 var sóknaraðila dæmdur til að greiða varnaraðila 40.161.843 kr. ásamt dráttarvöxtum að frádregnum innborgunum að fjárhæð 24.229.622 kr. Þá var sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðila 800.000 kr. í málskostnað.

Fyrir liggur í málinu að í ljósi greiðsluerfiðleika sóknaraðila hafi varnaraðili 13. júní 2022 boðið honum að ljúka málinu með greiðslu að fjárhæð 17.500.000 kr. og að gildistími tilboðsins væri tvær vikur. Í tilboðinu var tiltekið að greiða þyrfti 8.000.000 kr. við samþykki tilboðsins en að öll fjárhæðin, 17.500.000 kr., þyrfti að vera greidd innan sex mánaða frá samþykki. Þann 27. júní 2022 sendi sóknaraðili tölvupóst til innheimtuaðila varnaraðila og óskaði eftir staðfestingu þess efnis að greiðsla að fjárhæð 17.500.000 kr. væri fullnaðargreiðsla, sem innheimtuaðili varnaraðila staðfesti. Jafnframt samþykkti innheimtuaðili varnaraðila að sóknaraðili fengi skamman frest til að greiða 8.000.000 kr.

Daginn eftir, þ.e. 28. júní 2022, greiddi sóknaraðili í samræmi við það 8.000.000 kr. Daginn þar á eftir, þ.e. 29. júní 2022, sendi innheimtuaðili varnaraðila svokallað uppgjörssamkomulag. Samkomulagið kvað á um að sóknaraðili skyldi greiða samtals 17.500.000 kr. en í því koma einnig fram ýmsir fyrirvarar af hálfu varnaraðila, einkum í tengslum við sannleiksgildi upplýsingagjafar sóknaraðila um greiðsluerfiðleika sína. Þetta samkomulag undirritaði sóknaraðili ekki.

Sóknaraðili greiddi í kjölfarið 9.500.000 kr., nánar tiltekið 6.000.000 kr. 11. júlí 2022, 1.000.000 kr. 23. ágúst 2022 og 2.500.000 kr. 12. september 2022. Samtals hafði sóknaraðili því greitt 17.500.000 kr.

Þegar sóknaraðili óskaði eftir fullnaðarkvittun vísaði innheimtuaðili varnaraðila til þess að samkomulagið hefði ekki tekið gildi þar sem sóknaraðili hefði ekki undirritað uppgjörssamkomulagið.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennt verði að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila þann 27. júní 2022 þegar sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila um lúkningu kröfu samkvæmt dómi Landsréttar 11. febrúar 2022, í öðru lagi krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins og í þriðja lagi krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað til sóknaraðila að álitum nefndarinnar.

Sóknaraðili byggir á því að tilboð frá varnaraðila 13. júní 2022 sé fullgilt tilboð og að samningur hafi komist á með yfirlýsingu sóknaraðila um samþykki þess þann 27. júní 2022. Sóknaraðili byggir á því að fjögur efnisleg skilyrði hafi verið sett fyrir tilboði varnaraðila. Í fyrsta lagi að sóknaraðili greiði fullnaðargreiðslu 17.500.000 krónur, sem skuli í öðru lagi greidd innan sex mánaða frá samþykki gagntilboðsins, í þriðja lagi að 8.000.000 kr. skuli greiddar við samþykki tilboðsins og í fjórða lagi að gildistími tilboðsins sé tvær vikur, þ.e. að tilboðið skuli samþykkt í síðasta lagi 27. júní 2022.

Sóknaraðili byggir á því að samningur hafi komist á milli málsaðila, enda hafi hann samþykkt tilboðið, sem hafi verið án fyrirvara, innan tilskilins frests. Millifærsla að fjárhæð 8.000.000 kr. hafi borist daginn eftir samþykki sóknaraðila en það hafi verið gert með samþykki innheimtuaðila varnaraðila. Sóknaraðili hafi greitt samtals 17.500.000 kr. innan sex mánaða frá samþykkt tilboðsins og því hafi hann fullnægt sínum samningsskyldum.

Þá byggir sóknaraðili á því að einhliða og óundirritað uppgjörssamkomulag geti ekki vikið í burtu samkomulagi málsaðila frá 27. júní 2022 án samþykkis sóknaraðila.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hefur fallist á kröfur sóknaraðila um að bindandi samningur hafi komist á milli aðila með samþykki sóknaraðila á gagntilboði varnaraðila þann 27. júní 2022. Einnig sé fallist á að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins með því að greiða 17.500.000 kr. til varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að greiða málskostnað að álitum nefndarinnar verði hafnað. Varnaraðili bendi á að þessum kröfulið verði hvergi fundin stoð, hvorki í samþykktum nefndarinnar né öðrum samningum sem varnaraðili kunni að hafa undirgengist. Vísi varnaraðili í því sambandi til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 39/2014 og 2/2019. Verði því að hafna málskostnaðarkröfunni.

V.
Niðurstaða.

Varnaraðili hefur fallist á kröfur sóknaraðila um að bindandi samningur hafi komist á milli aðila með samþykki sóknaraðila á gagntilboði varnaraðila þann 27. júní

2022 og að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins með því að greiða 17.500.000 krónur til varnaraðila. Fellst nefndin því á kröfur sóknaraðila.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar að álitum nefndarinnar hefur nefndin samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu. Verður kröfu hans um greiðslu málskostnaðar þar af leiðandi vísað frá með vísan til j. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktanna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila þann 27. júní 2022 þegar sóknaraðili samþykkti tilboð varnaraðila frá 13. júní 2022 um lúkningu kröfu varnaraðila samkvæmt dómi Landsréttar 2022.

Viðurkennt er að sóknaraðili hafi uppfyllt sinn hluta samningsins.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar að álitum nefndarinnar úr hendi varnaraðila er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 8. desember 2022

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir | Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson | Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2023, fimmtudaginn 16. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. október 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. sama dag. Með tölvupósti nefndarinnar 6. október 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 4. nóvember 2022. Var bréfið sent samdægur til sóknaraðila með tölvupósti nefndarinnar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir sóknaraðila bárust með bréfi dags. 10. nóvember 2022. Bréfið var áframsent til varnaraðila 14. nóvember 2022 til frekari athugasemda, Bárust þær með bréfi varnaraðila dags. 28. nóvember 2022.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar 26. janúar og 16. febrúar 2023.

II.
Málsatvik.

Að sögn sóknaraðila áttu málsatvik sér stað í vinnuferð hennar til London sem farin var dagana 4.–9. júní 2022. Sóknaraðili hafi haft meðferðis tvö greiðslukort, annars vegar debetkort útgefið af F2 og hins vegar kreditkort útgefið af varnaraðila. Í ferðinni hafi sóknaraðili aðallega notast við fyrrnefnda kortið en það síðarnefnda, þ.e. kreditkortið frá varnaraðila, eingöngu í eitt skipti, hinn 4. júní 2022. Hafi það jafnframt verið eina skiptið í ferðinni sem sóknaraðili hafi slegið inn PIN-númer kortsins.

Um kl. 15:00 hinn 7. júní 2022 hafi sóknaraðili orðið vör við að kortaveski hennar, sem hafði að geyma kreditkort frá varnaraðila, væri horfið úr tösku hennar. Sóknaraðili hafði samband við neyðarvakt varnaraðila kl. 16:22 til að láta loka kortinu. Þegar kortinu var lokað höfðu fimm færslur verið framkvæmdar með kreditkortinu, sú fyrsta í hraðbanka um kl. 15:07 og þær síðari í versluninni Selfridges frá kl. 15:20–15:27. Færslurnar námu alls 139.156 kr.

Þegar sóknaraðili kom aftur til landsins leitaði hún til lögreglu sem tók af henni skýrslu hinn 5. júlí 2022, en niðurstaða þess máls liggur ekki fyrir.

Hinn 23. ágúst 2022 sendu Neytendasamtökin erindi til varnaraðila vegna málsins þar sem óskað var eftir sjónarmiðum hans. Frá þeim tíma áttu sér stað samskipti í tölvupósti þar til varnaraðili svaraði erindinu formlega hinn 2. september 2022 með

bréfi, dags. 1. september 2022. Þaðan á eftir áttu sér stað tölvupóstsamskipti 12. september 2022. Í kjölfarið var málinu skotið til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að viðurkennd verði skylda varnaraðila til endurgreiðslu á fimm óheimilum greiðslum, sem framkvæmdar voru hinn 7. júní 2022, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, sbr. og 1. mgr. 80. gr. sömu laga. Til vara krefst sóknaraðili þess að ábyrgð á umræddum færslum verði metin út frá kringumstæðum á grundvelli 4. mgr. 80. gr. laga um greiðsluþjónustu.

Aðalkröfu sinni til stuðnings vísar sóknaraðili til þess að það eitt, að hinn óprúttni aðili hafi getað slegið rétt PIN númer inn í tíu skipti án þess að rangt númer kæmi upp, þýði ekki sjálfkrafa að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í skilningi 3. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu. Meira þurfi að koma til og beri varnaraðili alla sönnunarbyrði fyrir því. Að mati sóknaraðila megi finna ýmsar áhugaverðar greinar á internetinu um hvernig óprúttnir aðilar geti með margvíslegum hætti komist yfir PIN númer korta. Því sé harðlega mótmælt að sóknaraðili hafi geymt upplýsingar um PIN númerið hjá kortinu, svo sem varnaraðili ýi að, enda hafi varnaraðili engin sönnunargögn lagt fram sem renni stoðum undir þá tilgátu. Sóknaraðili fullyrði jafnframt að hún hafi hvergi geymt upplýsingar um PIN númer kortsins nema í sinni eigin vitund. Varnaraðili hafi samkvæmt ofangreindu ekki axlað sönnunarbyrði sína samkvæmt 3. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu.

Verði háttsemi sóknaraðila metin stórfellt gáleysi sé á því byggt til vara að 4. mgr. 80. gr. laga um greiðsluþjónustu eigi við en þar sé gerður áskilnaður um að háttsemi sóknaraðila hafi verið sviksamleg eða hún af ásetningi látið ógert að uppfylla skyldur sínar um að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins, sbr. 2. mgr. 75. gr. laganna. Af þeim sökum eigi að fara fram heildarmat á aðstæðum við ákvörðun á því að hvaða marki sóknaraðili beri ábyrgð á hinum óheimilu greiðslum.

Í viðbótarathugasemdum sínum ítrekar sóknaraðili gerðar kröfur og vísar til þess að greinargerð varnaraðila feli í sér einföldun á atburðarrásinni, þ.e. að eina leiðin fyrir óprúttinn aðila til að komast yfir PIN númer korts sé sú að notandi hafi annað hvort geymt það með eða hjá greiðslukorti sínu eða sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við innslátt. Sóknaraðili tekur fram að ef mál af þessum toga væru svo einföld sé óhætt að fullyrða að brot af þessum toga væru mun fátíðari. Líkt og komið hafi verið inn á í upphaflegri kvörtun megi finna ógrynni af greinum, fréttum og öðru efni við einfalda leit á internetinu sem varðar þjófnað af þeim toga sem hér um ræði og hvaða aðferðum þjófar helst beiti til að komast yfir upplýsingar. Alls kyns tæknilegar aðferðir séu þar nefndar til sögunnar, smámyndavélar, hitaskynjarar, tölvubrot og jafnvel farið yfir að í sumum tilfellum virðist starfsfólk verslana þar sem PIN númer sé slegið inn eiga hlut að máli. Það virðist því vera til aðferðir við að komast yfir PIN númer korta sem jafnvel þeir allra varkárustu gætu ekki komið í veg fyrir. Hvaða aðferð sé notuð í þessu tilfelli til að verða sér út um upplýsingarnar liggi ekki fyrir en líkt og báðir málsaðilar hafi gert í málinu, sé þó hægt að geta sér til um hana.

Í dæmaskyni nefnir sóknaraðili frétt á heimasíðu RÚV frá árinu 2017, þar sem segi að þjófar hafi fylgst með fólki borga fyrir drykki og sjái þegar það slái inn PIN númerið. Síðan sé kortinu stolið. Þjófarnir fari svo í hraðbanka og taki út reiðufé en eftir standi eigandi kortsins í vondum málum. Í annarri frétt af heimasíðu MBL.is frá árinu

2018 sé jafnframt fjallað um aðvörun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vegna óprúttinna aðila sem stolið hafi greiðslukortum eftir að hafa komist yfir PIN númer þeirra.

Eins og mál þetta horfi við sóknaraðila sé ljóst að hinn óprúttni aðili hafi stolið korti hennar og komist yfir PIN númer þess. Hvaða aðferðum sá aðili beitti í því sambandi sé algjörlega á huldu en telji sóknaraðili sig hafa gætt fyllstu varkárni. Hún telji sig vera fórnarlamb glæps og finnist hæpið að sú staðreynd verði sjálfkrafa heimfærð yfir á stórkostlegt gáleysi eða jafnvel ásetning af hennar hálfu.

Sóknaraðili bendir síðan á að þær kröfur sem varnaraðili virðist gera korthöfum sínum eigi enga stoð í raunveruleikanum. Í dæmaskyni nefnir hún að korthafi sem óski eftir því að fá að fara afsíðis með greiðsluposa, fjarri allra augum til að uppfylla allar varkárniskröfur, gæti engu að síður sýnt af sér stórfellt gáleysi samkvæmt skilmálum bankans ef óprúttinn aðili myndi notast við tæknilegar aðferðir til að verða sér út um PIN númer kortsins.

Að mati sóknaraðila eru þær kröfur sem almennir skilmálar varnaraðila gera til korthafa ekki eingöngu miklar heldur virðist sem hvers kyns „brot“ á þeim sé sjálfkrafa heimfært undir stórfellt gáleysi, sem sé ekki í samræmi við kröfur 1. mgr. 75. gr. laga um greiðsluþjónustu um að skilmálar greiðsluþjónustuveitanda skuli vera hlutlægir og gæta meðalhófs. Í 2. mgr. 75. gr. sé svo vikið að skyldum notanda sem varði persónulega öryggisþætti og komi fram í lögskýringargögnum að með „nauðsynlegum ráðstöfunum“ sé átt við aðgerðir sem réttmætt sé að krefjast af honum.

Í lagaskýringum EBA á PSD2 megi finna umfjöllun um muninn á almennu gáleysi annars vegar og stórfelldu gáleysi hins vegar. Segi þar að til að háttsemi geti talist stórfellt gáleysi þurfi meira að koma til en almennt gáleysi og sé t.a.m. í dæmaskyni nefnd sú háttsemi að geyma PIN númer með greiðslukorti. Sé þar jafnframt nefnt að skilmálar sem séu til þess fallnir að færa sönnunarbyrðina í þeim efnum yfir á notanda eigi að vera álitnir ógildir (e. null and void).

Með vísan til framangreinds geti það því varla talist réttmætt og í samræmi við meðalhóf að heimfæra atvik sviðsmyndarinnar undir stórfellt gáleysi.

Margt sé óljóst í þessu máli, s.s. hvernig óprúttni aðilinn hafi komist yfir PIN númer kortsins. Í því sambandi geti aðilar vissulega getið sér til um líklegar skýringar í þeim efnum. Í grunninn verði því að horfa til þeirra reglna sem eigi við í þessu sambandi, þ.e. hvar sönnunarbyrðin liggi í málum af þessum toga og hverjum beri að túlka vafann í vil.

Í því sambandi sé vert að ítreka það sem áður hafi komið fram og fjallað er um í frumvarpi til laga um greiðsluþjónustu og lúti að óheimilum greiðslum. Þar segi um 3. mgr. 78. gr. að sú staðreynd ein og sér að greiðslumiðill hafi verið notaður, teljist ekki fullnægjandi sönnun þess að notandi hafi heimilað greiðslu eða af ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið ógert að uppfylla skyldur sínar. Við mat á þætti sóknaraðila beri því að líta til annarra atvika og þar með sýna fram á að þeir hafi falið í sér stórfellt gáleysi af hennar hálfu. Að svo stöddu hafi ekkert komið fram í málinu sem sýni fram á það að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi annað en getgátur varnaraðila sem seint geti talist fullnægjandi sönnun þar á.

Að endingu vill sóknaraðili árétta að hún hafi ekki geymt upplýsingar um PIN númer hjá kortinu, enda hafi hún átt það um árabil. Við innslátt í verslun hinn 4. júní 2022 telji hún sig hafa notað kortið með almennum hætti og þar með ekki sýnt af sér sérstakt gáleysi í þeim efnum, hvað þá stórfellt gáleysi eða ásetning. Hún hafi verið fórnarlamb glæps sem jafnvel þeir allra grandvörustu geti ekki í öllum tilfellum komið sér undan.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að varnaraðili hafi fengið það staðfest hjá greiðslukortaþjónustuaðila að aldrei hafi verið slegið inn rangt PIN númer við notkun kortsins. Framvísun korts á afgreiðslustað og staðfesting greiðslu með PIN númeri teljist vera sterk sannvottun greiðslu í skilningi laga um greiðsluþjónustu. Greiðslufyrirmælin beri þar af leiðandi ekki annað með sér en að sóknaraðili hafi sjálf heimilað greiðslurnar. Ef atvik málsins séu með þeim hætti sem sóknaraðili lýsi þá bendi það til þess að óviðkomandi aðili hafi komist yfir kortið auk PIN númer kortsins. Fram komi á færsluyfirliti kortsins að fimm færslum hafi verið synjað, tveimur þeirra hafi verið synjað þegar úttekt úr hraðbanka var reynd innan þriggja klukkustunda frá fyrri úttekt og þremur færslum hafi verið synjað vegna þess að farið hafi verið yfir úttektarmörk.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi fullnægt skilyrðum 1. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu og að greiðslukortaþjónustuaðili hafi staðfest það. Þá komi fram í tölvupósti umboðsmanns sóknaraðila til varnaraðila að ekki sé dregið í efa að greiðslurnar hafi verið staðfestar með PIN númeri.

Þá leiði það af 3. mgr. 78. gr. laga um greiðsluþjónustu, sbr. 75. gr., að við mat á þætti notenda greiðsluþjónustu við framkvæmd greiðslu hverju sinni skuli litið til annarra atvika.

Við móttöku og notkun kreditkortsins hafi sóknaraðili undirgengist þá skilmála og reglur sem gilda um notkun kreditkorta útgefnum af varnaraðila. Á þeim tíma sem færslurnar áttu sér stað hafi verið í gildi almennir viðskiptaskilmálar varnaraðila. Af köflum 5.3. og 5.4. skilmálanna leiði að innsláttur PIN númers sé ein af auðkenningarleiðum og að korthafar séu ábyrgðir fyrir varðveislu kortsins, PIN númers og annarra persónubundinna öryggisþátta til að koma í veg fyrir misnotkun þriðja aðila. Hafi korthafi ekki varðveitt ofangreint til samræmis við skilmálana sé hann ábyrgur fyrir öllum greiðslum sem framkvæmdar séu með kortinu.

Sé sannvottun talin sönnuð, eins og í þessu máli, en korthafi neiti því að hafa heimilað greiðslu vakni sú spurning hvort þriðji aðili hafi haft aðgang að kortinu og getað auðkennt sig og staðfest greiðslufyrirmælin fyrir hönd eða í nafni sóknaraðila. Varnaraðila finnist skýringar sóknaraðila ótrúverðugar og byggi á því að líklegra sé að PIN númerið hafi af ásetningi verið geymt með kortinu enda liggi fyrir að PIN númerið hafi verið slegið inn í öll tíu skiptin sem kortið var notað en rangt PIN númer hafi aldrei verið slegið inn og því sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki gætt að persónulegum öryggisþáttum sínum. Með því að geyma upplýsingar um PIN númer með kortinu hafi sóknaraðila mátt vera ljóst að ekki væri hægt að koma í veg fyrir misnotkun á kortinu. Ef hins vegar verði litið svo á að þjófurinn hafi séð sóknaraðila slá inn PIN þann 4. júní og hafi getað notað upplýsingarnar þremur dögum seinna þegar þjófurinn hafi stolið kortaveski sóknaraðila sé ljóst að sóknaraðili, á sama hátt, hafi ekki gætt að persónubundnum öryggisþáttum sínum með þeim hætti að enginn sjái þegar PIN númer sé slegið inn. Sú háttsemi feli í sér stórfellt gáleysi samkvæmt kafla 5.4. í Almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila. Því sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki farið eftir ákvæðum 75. gr. laga um greiðsluþjónustu og kafla 5.4. í Almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili skuli bera allt tjón af misnotkun kortsins, enda hafi hún látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum samkvæmt 75. gr. laga um greiðsluþjónustu, sbr. 3. mgr. 80. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 80. gr.

skuli taka tillit til eðlis persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils og aðstæðna þegar greiðslumiðill týndist, honum var stolið eða hann notaður með óréttmætum hætti við ákvörðun um þá fjárhæð sem greiðanda verður gert að bera sjálfur ábyrgð á samkvæmt 1. og 3. mgr. 80. gr. Greiðslumiðillinn sé kreditkort útgefið á plasti með fjögurra stafa PIN númeri til greiðslustaðfestingar. Allt bendi til þess að PIN númerið hafi verið geymt með kortinu í ljósi þess að engin merki séu um að slegið hafi verið inn rangt PIN við notkun kortsins. Fram komi í viðskiptaskilmálum F, sem sóknaraðili hafi undirgengist, að hafi korthafi ekki varðveitt kortið, PIN númer eða aðra persónubundna öryggisþætti sína til samræmis við skilmálana sé hann ábyrgur fyrir öllum greiðslum sem framkvæmdar séu með kortinu. Telji varnaraðili atvik og aðstæður með þeim hætti að sóknaraðili skuli sjálf bera ábyrgð á tjóninu.

Í greinargerð með ákvæðinu segi að gera megi ráð fyrir því að fordæmi úrskurðarnefndar og dómstóla skapist fljótt um framkvæmd ákvæðisins og þyki heppilegt að svigrúm sé til lækkunar sjálfsábyrgðar greiðanda vegna óheimilaðra greiðslan gefi kringumstæður tilefni til. Sambærilegt ákvæði hafi verið í 3. mgr. 56. gr. eldri laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011 en varnaraðila sé ekki kunnugt um neitt fordæmi hjá úrskurðarnefnd eða dómstólum.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hver beri ábyrgð á kortafærslum sem framkvæmdar voru á kreditkorti sóknaraðila 7. júní 2022 að fjárhæð 139.156 kr. Sóknaraðili krefst þess aðallega að viðurkennd verði bótaskylda varnaraðila á þeim færslum, sbr. 1. mgr. 79. gr. og 1. mgr. 80. gr. laga nr. 114/2021 og til vara að ábyrgð verði metin að teknu tilliti til 4. mgr. 80. gr. laga nr. 114/2021.

Um viðskipti sóknaraðila og varnaraðila gilda almennir viðskiptaskilmálar varnaraðila og lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 75. gr. laganna.

Samkvæmt 1. mgr. 75. gr. laga nr. 114/2021 skal notandi greiðsluþjónustu, sem á rétt á að nota greiðslumiðil, nota greiðslumiðilinn í samræmi við skilmála um útgáfu og notkun hans og skulu skilmálarnir vera hlutlægir, án mismununar og gæta meðalhófs. Í 2. mgr. sömu greinar segir, að við viðtöku greiðslumiðils beri notanda að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 114/2021 er að finna þá meginreglu að ef notandi greiðsluþjónustu heldur því fram að greiðsla sé óheimil skuli greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, að uppfylltum skilyrðum 77. gr., endurgreiða greiðanda þegar í stað fjárhæð óheimiluðu greiðslunnar og eigi síðar en við lok næsta virka dags frá því að hann uppgötvaði hana eða var tilkynnt um hana.

Hins vegar er undantekning frá framangreindri meginreglu í 80. gr. laga nr. 114/2021 að greiðandi skuli bera tap vegna óheimilaðra greiðslna sem nema allt að jafnvirði 50 evra í íslenskum krónum miðað við opinber viðmiðunargengi (miðgengi) eins og það er skráð hverju sinni þegar tapið má rekja til notkunar á týndum eða stolnum greiðslumiðli eða það stafar af óréttmætri notkun greiðslumiðils. Enn fremur segir í 3. mgr. sömu greinar að greiðandi skuli bera allt tjón sem rekja megi til óheimilaðra greiðslna ef hann hefur stofnað til þeirra með sviksamlegum hætti eða látið ógert að uppfylla eina eða fleiri af skyldum sínum samkvæmt 75. gr. af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi. Í 2. mgr. þeirrar greinar er kveðið á um að við viðtöku greiðslumiðils beri notanda að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi

persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðilsins. Þá segir í 3. mgr. greinarinnar að notandi skuli tilkynna án óþarfa tafar um það verði hann var við tap, þjófnað eða misnotkun á greiðslumiðli eða óheimila notkun hans. Fyrir liggur að sóknaraðili uppfyllti kröfur 3. mgr. en eftir stendur 2. mgr. Samkvæmt kafla 5.4 í þágildandi almennum viðskiptaskilmálum varnaraðila er sóknaraðila óheimilt að geyma PIN eða önnur persónubundin öryggisskilríki með kortinu, í veski sínu, í farsíma, á netinu eða með öðrum rafrænum búnaði eða með öðrum hætti sem kann að vera aðgengilegur þriðja aðila.

Samkvæmt málsgögnum var kort sóknaraðila aðeins einu sinni notað í vinnuferð hennar til London, hinn 4. júní 2022, áður en því var stolið þremur dögum síðar, hinn 7. júní 2022. Við sönnunarmat verður að líta til þess að óraunhæft er að ætla að óprúttinn aðili hafi komist yfir upplýsingar um PIN númerið að kortinu í þetta eina skipti sem það var notað og svo beðið með að stela kortinu í þrjá daga á allt öðrum stað í stórborg. Þá ber að líta til þess að hinn óprúttni aðili sló inn PIN númer að kortinu tíu sinnum og rétt númer í hvert skipti. Erfitt er að draga aðra ályktun en þá að sóknaraðili hafi farið óvarlega með PIN númerið með þeim afleiðingum að það hafi komist í hendur óprúttna aðilans, t.d. með því að geyma það hjá kortinu. Að mati nefndarinnar er slík háttsemi stórkostlegt gáleysi hvort sem litið er til almennra viðskiptaskilmála varnaraðila eða ekki, enda má til þess líta að í skýringum um 75. gr. með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 114/2021 kemur skýrlega fram að með því að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils síns, t.d. PIN-númers á greiðslukortum, sé átt við að tryggja að þau komist ekki í hendur annarra aðila.

Að teknu tilliti til alls framangreinds telur nefndin að tjón sóknaraðila megi rekja til þess að hún hafi látið ógert að uppfylla skyldur sínar samkvæmt 2. mgr. 75. gr. laga nr. 114/2021, þ.e. að gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi persónubundinna öryggisskilríkja greiðslumiðils, af stórfelldu gáleysi, sbr. 3. mgr. 80. gr. sömu laga. Aðalkröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila er því hafnað. Með sömu rökum er komist að sömu niðurstöðu hvað varakröfu sóknaraðila varðar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila M, gagnvart varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 16. febrúar 2023.

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir | Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson | Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2023, fimmtudaginn 16. febrúar, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2022:**

Málskotsaðilar M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 18. október 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. 14. október 2022. Með tölvupósti nefndarinnar 20. október 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 17. nóvember 2022. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar hinn 17. nóvember 2022, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki eru frekari athugasemdir frá varnaraðila

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 26. janúar og 16. febrúar 2023.

II.
Málsatvik.

Hinn 10. febrúar 2021 undirrituðu sóknaraðilar íbúðalán hjá varnaraðila. Um var að ræða 32.000.000 kr. óverðtryggt íbúðalán með breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum til 25 ára með fyrsta gjalddaga hinn 1. apríl 2021.

Rúmu ári síðar, hinn 11. febrúar 2022 óskuðu sóknaraðilar eftir því að festa vexti á láninu til 36 mánaða. Þá beiðni samþykkti varnaraðili með tölvupósti, dags. 15. febrúar 2022, þar sem bent var á að viðauki vegna þessa væri tilbúinn til undirritunar í útibúi og að sóknaraðilar gætu bókað tíma fyrir undirritun á heimasíðu varnaraðila.

Hinn 8. ágúst 2022 höfðu sóknaraðilar samband við varnaraðila símleiðis og furðuðu sig á því að vextirnir hefði ekki verið festir. Í símtali sem upptaka af fylgdi kvörtuninni bendir varnaraðili á að vextir lánsins yrðu ekki festir miðað við þá vexti sem voru í gildi 10. febrúar 2022 þar sem sóknaraðilar hefðu ekki undirritað viðaukann. Sóknaraðilar vísuðu til þess í símtalinu að enginn fyrirvari væri til staðar um að þau þyrftu að undirrita viðaukann. Bætti starfsmaður varnaraðila við að hún myndi hafa samband við lögfræðiráðgjöf og athuga hvort hægt væri að festa vextina miðað við febrúar 2022 en að fyrirvari þar um kæmi fram á viðauka, auk þess sem hún teldi ekki þörf á því að slíkur fyrirvari kæmi fram, enda væru liðnir um sex mánuðir frá því að samþykki lá fyrir.

Sóknaraðilar sendu tölvupóst til varnaraðila, dags. 10. ágúst 2022, þar sem óskað var eftir upplýsingum um það hvort búið væri að leiðrétta þetta fyrir sig. Svar barst daginn eftir, 11. ágúst 2022, þess efnis að málið væri í skoðun og að varnaraðili myndi hafa samband þegar niðurstaða lægi fyrir. Síðar sama dag barst formleg synjun varnaraðila á erindi sóknaraðila þar sem vísað var til þess að samkvæmt reglum varnaraðila sé ekki hægt að festa vexti á íbúðalánum til samræmis við fastvaxtaviðauka hafi vextir hækkað í millitíðinni, enda séu þá vextirnir ekki í samræmi við auglýsta vaxtatöflu varnaraðila. Til að koma til móts við viðskiptavini hafi varnaraðili þó almennt miðað við að heimilt sé að festa vexti samkvæmt fastvaxtaviðauka þrátt fyrir að vextir hafi hækkað enda séu þá ekki meira en 30 dagar liðnir frá gerð viðaukans. Þar sem sex mánuðir hafi liðið frá því að samþykki hafi legið fyrir og varnaraðili auglýst í átta skipti nýja vexti á sambærilegum íbúðalánum hafi ekki verið mögulegt að festa vextina miðað við upphaflegt samþykki, og að lokum bætt við að þetta hafi sóknaraðilum mátt vera kunnugt.

Frá þeim tíma áttu sér stað nokkur samskipti milli málsaðila sem leiddi til þess að kvörtun var send til úrskurðarnefndarinnar 18. október 2022.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar krefjast þess í fyrsta lagi að varnaraðili festi vexti á láni þeirra frá 15. febrúar 2022 í 36 mánuði, þ.e. til 15. febrúar 2025. Í öðru lagi krefjast sóknaraðilar að um vaxtafestinguna gildi að öðru leyti skilmálar viðauka við óverðtryggt íbúðalán. Í þriðja lagi krefjast sóknaraðilar að varnaraðili endurgreiði sóknaraðilum vaxtakostnað umfram vaxtafestingu frá 15. febrúar 2022. Í fjórða lagi krefjast sóknaraðilar þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðilum málskostnað vegna lögmannsaðstoðar við að hafa uppi kröfu þessa fyrir nefndinni auk virðisaukaskatts.

Sóknaraðila byggja á því að varnaraðili sé skuldbundinn af samþykki sínu um vaxtafestingu óháð undirritum umrædds viðauka í ljósi þess hvernig samþykki vaxtafestingarinnar var komið til þeirra, sbr. meginreglur laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Bersýnilega komi fram að umsókn sóknaraðila um að festa vexti hafi verið samþykkt af varnaraðila. Enginn fyrirvari sé við því samþykki og í engu útskýrt eða komið á framfæri í umræddu samþykki að samþykkið væri á nokkurn hátt háð undirritun sóknaraðila á viðaukann, þess þá síður að tímamörk væru á því fyrir hvaða tíma undirritun þyrfti að eiga sér stað. Einungis hafi komið fram í samþykkinu að undirrita þyrfti viðauka vegna þessa óháð gildistöku.

Sóknaraðilar telja þannig að kominn hafi verið á samningur um vaxtafestinguna með beiðni þeirra um slíkt og samþykki varnaraðila þar um, sem ekki hafi verið háð fyrirvara eða a.m.k. ekki nægjanlega skýrum fyrirvara.

Sérstaka athygli veki í þessu sambandi að umræddum viðauka var aldrei komið til sóknaraðila en í honum komi fram skv. 6. tölul. að hann skuli undirritaður af viðeigandi aðilum og afhentur varnaraðila eigi síðar en 17. mars 2022. Að öðrum kosti myndi hann falla niður. Í raun sé óskiljanlegt fyrst svo var af hverju þeim upplýsingum hafi ekki verið komið til vitundar sóknaraðila samhliða samþykki á vaxtafestingunni, eða a.m.k. einhverjum upplýsingum að samþykki varnaraðila væri á einhvern hátt háð undirritun sóknaraðila. Upphaflega þegar sóknaraðilar hafi tekið fasteignalán sitt hafi upplifun þeirra af vinnubrögðum varnaraðila verið sú að varnaraðili leiðbeindi þeim, bæði í tölvupósti og símleiðis til hvaða aðgerða þau þyrftu að grípa vegna lántökunnar.

Hafi þau þannig reglulega fengið skýringar og fyrirmæli varnaraðila um dagsetningar, undirritanir og áminningar. Hafi þau þannig ekki haft ástæðu til annars en að ætla að hið sama gilti nú, væru einhverjir fyrirvarar eða dagsetningar sem hafi ráðið úrslitum um gildistöku vaxtafestingarinnar.

Sóknaraðilar telji að í ljósi yfirburðastöðu varnaraðila gagnvart þeim og að um fjármálafyrirtæki sé að ræða hvíli það á varnaraðila að hafa fyrirmæli til viðskiptavina sem séu skýr og ótvíræð. Ekki verði séð að varnaraðili komi til með að bera nokkurt tjón af því að fallist verði á kröfur sóknaraðila í þessu máli heldur verði varnaraðili eins settur og ef vaxtafestingin hafi tekið gildi á þeim tíma sem upphaflega var áætlað. Varnaraðili hins vegar komi til með að hagnast á kostnað sóknaraðila fái ákvörðun um að hafna vaxtafestingu að standa.

Sóknaraðilar bendi á reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana nr. 353/2022. Samkvæmt þeim beri fjármálafyrirtæki að starfa á heiðarlegan og réttlátan hátt gagnvart viðskiptavinum og að þeim beri að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar er varði viðskiptasamband þeirra og gæta hagsmuna viðskiptavina sinna.

Það framferði sem í kvörtun þessa máls hafi verið lýst, gangi í berhögg við bæði skyldur fjármálafyrirtækis samkvæmt fyrrgreindri reglugerð, sbr. og lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, svo og heilbrigða viðskiptahætti, trúnaðarsamband, traust og gagnsæi gagnvart kvartendum auk þess að standast ekki gagnvart meginreglum laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936, sbr. t.d. Hrd. 461/2011.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að þar sem sóknaraðilar hafi ekki komið í útibúið til að undirrita viðaukann líkt og bent hafi verið á í tölvupóstinum og hafi ekki verið í sambandi við starfsmenn útibúsins hafi verið litið svo á að sóknaraðilar hefðu hætt við að festa vextina. Þá vísar varnaraðili til þess að upptaka sú sem fylgdi kvörtun sóknaraðila hafi verið brot á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um fjarskipti nr. 70/2022.

Þegar sóknaraðilar hafi sótt um í febrúar 2022 að fá að festa vexti á íbúðaláni sínu hafi á vef varnaraðila verið upplýsingar um að af lántaki væri með lán á breytilegum vöxtum væri hægt að óska eftir breytingu í fasta vexti. Vextirnir miðist við þá vexti sem séu í boði hverju sinni. Útbúin sé skilmálabreyting sem þurfi að þinglýsa. Einnig komi fram að vaxtakjörin miðist við þá vaxtatöflu sem sé í gildi þegar sótt sé um skilmálabreytinguna.

Sóknaraðilum hafi verið ljóst að ef þau hafi viljað festa vextina á íbúðaláninu þyrftu þau að sækja sérstaklega um það og einnig væri þeim ljóst, eða mátti vera ljóst, að þurft hafi að gera skilmálabreytingu, þ.e. viðauka, við íbúðalánið sem þau hafi þurft að undirrita svo að vaxtafestingin tæki gildi, það væri skilyrði þess að hægt væri að festa vextina.

Að mati varnaraðila verði að gera þá kröfu til sóknaraðila að kynna sér efni á vef varnaraðila varðandi það hvort hægt sé að breyta vöxtum á því láni sem þau hafi tekið hjá bankanum. Ljóst sé að allt efni á vef varnaraðila hafi verið efnislega rétt og allar upplýsingar til staðar um það hvort og hvernig sóknaraðilar gætu fest vexti íbúðalánsins. Vanræksla á að kynna sér framangreint efni á vef varnaraðila sé á ábyrgð

sóknaraðila og fá þau ekki aukin rétt við það athafnaleysi sitt að hafa ekki skoðað þær upplýsingar sem fram komi á vef varnaraðila.

Fram hafi komið í tölvupósti starfsmanns varnaraðila, dags. 15. febrúar 2022, að beiðnin um að festa vextina væri samþykkt. Í tölvupóstinum hafi ekki komið fram hverjir vextirnir yrðu eftirleiðis, í hve langan tíma vaxtafestingin gilti né hvenær fyrsti gjalddagi væri. Öll þessi atriði komi fram í fastvaxtaviðaukanum við íbúðalánið og feli í sér efnislega breytingu á ákvæðum íbúðalánsins og hafi sóknaraðilum því mátt vera ljóst að þurfti hafi að gera skilmálabreytingu á láninu, þ.e. viðauka, svo að samningur kæmist á milli aðila um að festa vextina og að þau hafi þurft að undirrita hann á sama hátt og þau hafi undirritað upphaflega lánaskjalið.

Varnaraðili hafni því að hann hafi breytt fyrra samþykki sínu varðandi það að sóknaraðilar gætu fest vextina á íbúðaláni sínu. Sóknaraðilum væri ljóst að gera þyrfti formlega skilmálabreytingu á efni íbúðalánsins sem þyrfti að þinglýsa og því þyrftu þau að undirrita viðauka við lánið. Fram komi í tölvupóstinum að viðaukinn væri tilbúinn til undirritunar og best væri að panta tíma til að koma og undirrita hann. Ekki væri ástæða til að geta um viðaukann í tölvupóstinum nema hann skipti máli varðandi það að klára vaxtafestinguna en sóknaraðilar hafi tekið einhliða ákvörðun um að undirrita hann ekki. Sóknaraðilum væri ljóst að undirrita þyrfti viðaukann og þinglýsa honum til að samningur um vaxtafestinguna tæki gildi.

Fram komi í tölvupósti sóknaraðila, dags. 11. ágúst 2022, að frá þeim tíma sem starfsmaður varnaraðila sendi þeim tölvupóst hinn 15. febrúar 2022 þar sem umsóknin um að festa vextina væri samþykkt hafi þau verið í fullkomlega góðri trú um að þetta hefði verið samþykkt og gengið í gegn og því töldu þau að auglýsingar um vaxtahækkanir kæmu þeim ekki við enda þegar búin að festa vextina. Varnaraðili mótmælir þessum röksemdum, sbr. það sem fram komi hér að framan auk þess sem sóknaraðilar hafi séð svart á hvítu á greiðsluseðlum lánsins að ekki væri búið að festa vexti þess. Undir þetta sé tekið í greinargerð lögmanns þeirra, en þar segi á bls. 1, að tvær grímur hafi runnið á sóknaraðila þegar þau hafi tekið eftir stighækkandi greiðslubyrði lánsins og farið því að velta fyrir sér hvernig vaxtafesting virkaði fyrst greiðslubyrðin ykist. Þrátt fyrir það hafi þau ekki haft samband við starfsmenn varnaraðila í sex mánuði til að athuga hvort búið væri að festa vextina.

Varnaraðili hafnar því að neitun sín í ágúst 2022 um að fastvaxtaviðauki frá 15. febrúar 2022 væri enn í gildi gangi gegn skyldum bankans samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana nr. 353/2022. Fastvaxtaviðauki hafi aldrei orðið að samningi aðila þar sem hann væri ekki undirritaður í samræmi við reglur varnaraðila. Athafnaleysi sóknaraðila að kynna sér framangreint efni á vef bankans um þær reglur sem gildi um óskir viðskiptavina um að festa vexti og ákvörðun um að koma ekki í útibúið og undirrita viðaukann þrátt fyrir áskorun þar um sé ástæða þess að samningurinn hafi ekki komist á og beri þau ein ábyrgð á því.

Varnaraðili mótmæli því að Hrd. 461/2011 sé fordæmi í þessu máli. Í dómnum sé fjallað um það hvort uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1936 um að frestur hafi verið veittur til að samþykkja munnlegt tilboð, en þau þurfi að samþykkja þegar í stað. Í þessu máli hafi sóknaraðilar fengið skriflegt svar í tölvupósti vegna beiðni um að festa vexti á láni þeirra. Í svarinu kæmi fram að beiðnin væri samþykkt með því skilyrði að sóknaraðilar undirrituðu viðauka við lánið þess efnis sem þurfti síðan að þinglýsa. Sóknaraðilar hafi ekki undirritað viðaukann og því hafi ekki komist á samningur um að festa vextina.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar bendir varnaraðili á að samkvæmt j-lið 4. gr. samþykkta nefndarinnar fjalli nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns um málskostnað eða annan kostnað viðskiptamanns sem kunni að hafa orðið vegna lögmannskostnaðar í máli. Vísar varnaraðili í því sambandi til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 39/2014 og 2/2019. Verði því að hafna málskostnaðarkröfunni.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort komist hafi á bindandi samningur um að festa vexti á láni sóknaraðila hinn 15. febrúar 2022.

Sóknaraðili reisir málatilbúnað sinn á því að þegar varnaraðili hafi sent sér tölvupóst hinn 15. febrúar 2022, þess efnis að samþykkja beiðni sóknaraðila frá 11. febrúar 2022 um að festa vexti á láninu, hafi komist á bindandi samkomulag. Samþykkið hafi verið án fyrirvara og í engu útskýrt eða komið á framfæri í samþykkinu að það væri á nokkurn hátt háð undirritun sóknaraðila á viðaukann, þess þá síður að tímamörk væru á því fyrir hvaða tíma undirritun þyrfti að eiga sér stað.

Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila. Hið rétta sé að bindandi samningur hafi ekki komist á þar sem sóknaraðilar hafi ekki komið í útibúið til að undirrita viðaukann líkt og bent hafi verið á í tölvupóstinum. Þar sem sóknaraðilar hafi ekki verið í sambandi við starfsmenn útibúsins hafi verið litið svo á að sóknaraðilar hefðu hætt við að festa vextina. Þá hafi sóknaraðilum mátt gera sér grein fyrir að undirrita þyrfti viðaukann svo að vaxtafestingin tæki gildi.

Með löggerningi er átt við viljayfirlýsingu, sem ætlað er að stofna, breyta eða afnema rétt. Sé löggerningur þess efnis að hann þarfnist samþykkis nefnist hann tilboð og sé tilboðið samþykkt er kominn á samningur. Af meginreglunni um skuldbindingargildi samninga leiðir að ef samningsaðili sér eftir því að gangast undir samning getur hann almennt ekki losnað undan samningsskuldbindingum sínum án samþykkis gagnaðila.

Óumdeilt er að hinn 11. febrúar 2022 hafi sóknaraðilar óskað eftir því við varnaraðila að vextir á láni þeirra yrðu festir til 36 mánaða og að varnaraðili hafi samþykkt þá beiðni með tölvupósti fjórum dögum síðar, hinn 15. febrúar 2022. Í tölvupósti varnaraðila, þar sem umþrætt vaxtafesting var samþykkt, var sóknaraðilum bent á að viðauki vegna festingarinnar væri tilbúinn til undirritunar í útibúi og að þau gætu bókað tíma fyrir undirritun á heimasíðu varnaraðila. Engar frekari skýringar fylgdu samþykkinu. Einnig er óumdeilt að í viðaukanum sjálfum um vaxtafestinguna komi fram sá fyrirvari að vaxtafestingin falli niður yrði viðaukinn ekki undirritaður fyrir 17. mars 2022.

Þegar litið er til ofangreinds er ekki unnt að líta öðruvísi á en að varnaraðili hafi í skilningi samningaréttar samþykkt tilboð sóknaraðila án þess að leggja fram nægilega skýran fyrirvara um að vaxtafestingin tæki ekki gildi nema viðaukinn yrði undirritaður. Í íslenskum fjármunarétti er það meginregla að gildi löggerninga er ekki bundið við tiltekið form nema lög eða skilmálar aðila í lögskiptum sínum skilyrði slíkt. Öll frávik frá þessari meginreglu verða að koma skýrt fram. Fallast má á það með varnaraðila að efni viðaukans ber það vissulega með sér að vilji varnaraðila hafi verið sá að gildi viðaukans væri bundið við það að hann yrði undirritaður, sbr. 6. tölul. viðaukans. Hins vegar telur nefndin alveg ljóst að fyrirvara þess efnis er ekki að finna í samþykki varnaraðila á beiðni sóknaraðila um að festa vexti. Þvert á móti kemur berum orðum

fram að beiðnin um að festa vextina væri samþykkt. Varnaraðila var í lófa lagið að benda sóknaraðilum á vaxtafestingin tæki ekki gildi fyrr en viðaukinn yrði undirritaður og að undirrita þyrfti innan 30 daga. Með þetta í huga gátu sóknaraðilar ekki skilið samþykkið öðruvísi en svo, að varnaraðili væri að samþykkja vaxtafestinguna og að samþykkið væri án fyrirvara.

Ekki er fallist á þær útskýringar varnaraðila að hafa litið svo á að sóknaraðilar hefðu hætt við vaxtafestinguna þar sem þau hefðu ekki undirritað viðaukann. Fyrir það fyrsta liggur ekkert fyrir um að sóknaraðilar hafi haft nokkra vitneskju um nauðsyn þess að viðaukinn yrði undirritaður auk þess sem vandséð er hvaða hag sóknaraðilar myndu hafa af því að hætta við að festa vextina. Þá er ekki heldur á það fallist með varnaraðila að útskýringar á heimasíðu varnaraðila sýni að undirrita þyrfti lánið svo það tæki gildi. Þannig kemur skýrlega fram í því gagni sem varnaraðili sjálfur lagði fram að aðeins er sagt að útbúin sé skilmálabreyting við lánið sem síðan þurfi að þinglýsa. Ekki er hægt að ætlast til þess af neytanda fjármálafyrirtækis að hafa þá vitneskju að undirrita þurfi slík skjöl. Einnig er til þess að líta í grein birtri á heimasíðu varnaraðila, sem fyrst birtist 27. ágúst 2021 og var síðast uppfærð 2. september 2022, er vísað til þess að mjög einfalt sé að sækja um að festa vexti: aðeins þurfi að ýta á einn hnapp í appi varnaraðila, varnaraðili muni í kjölfarið hafa samband og ganga frá umsókninni og að kjörin á láninu miðist við það sem sé í gildi daginn sem óskað er eftir að festa vextina.

Að öllu ofangreindu virtu er það mat nefndarinnar að bindandi samningur komst á milli málsaðila um að festa vexti á láni sóknaraðila frá 15. febrúar 2022 í 36 mánuði, þ.e. til 15. febrúar 2025.

Fallist er á með varnaraðila að um vaxtafestinguna skuli gilda skilmálar þess viðauka við ofangreint lán sem er meðal málsgagna en þó þannig að viðaukinn skal undirritaður af hálfu sóknaraðilum og öllum öðrum viðeigandi aðilum í viðurvist votta og afhentur varnaraðila eigi síðar en mánuði frá því að varnaraðili tilkynnir sóknaraðilum að viðaukinn sé tilbúinn til undirritunar.

Fallist er á með sóknaraðilum að varnaraðila beri að endurreikna þá vexti sem sóknaraðilar hefðu greitt ef vaxtafestingin hefði verið í gildi frá 15. febrúar 2022 og endurgreiða þá fjárhæð sem þau hafa ofgreitt miðað við það.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar hefur nefndin hefur nefndin samkvæmt samþykktum úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki enga heimild til að ákvarða sóknaraðila málskostnað í málinu. Verður kröfu þeirra um greiðslu málskostnaðar þar af leiðandi vísað frá með vísan til j. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykktanna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkennt er að bindandi samningur hafi komist á milli málsaðila hinn 15. febrúar 2022 um að festa vexti á láni sóknaraðila frá 15. febrúar 2022 til 15. febrúar 2025.

Viðurkennt er að um ofangreinda vaxtafestingu gildi skilmálar þess viðauka við lán sóknaraðila sem er meðal málsgagna en þó þannig að viðaukinn skal undirritaður af hálfu sóknaraðilum og öllum öðrum viðeigandi aðilum í viðurvist votta og afhentur varnaraðila eigi síðar en mánuði frá því að varnaraðili tilkynnir sóknaraðilum að viðaukinn sé tilbúinn til undirritunar.

Fallist er á þá kröfu sóknaraðila að varnaraðila beri að endurreikna þá vexti sem sóknaraðilar hefðu greitt ef vaxtafestingin hefði verið í gildi frá 15. febrúar 2022 og endurgreiða þá fjárhæð sem þau hafa ofgreitt miðað við það.

Kröfu sóknaraðila um greiðslu málskostnaðar úr hendi varnaraðila er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 16. febrúar 2023

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir | Hildigunnur Hafsteinsdóttir
Jóhann Tómas Sigurðsson | Magnús Fannar Sigurhansson

Ár 2023, föstudaginn 14. apríl, er fundur haldinn í úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir formaður, Fura Sóley Hjálmarsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Jóhann Tómas Sigurðsson og Magnús Fannar Sigurhansson.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2022:**

Málskotsaðili M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.
Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar og F hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 16. desember 2022, með kvörtun sóknaraðila, dags. 15. desember 2022. Með tölvupósti nefndarinnar 19. desember 2022 var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi dags. 10. janúar 2023. Var bréfið sent sóknaraðila, með tölvupósti nefndarinnar hinn 12. janúar 2023, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Ekki eru frekari athugasemdir frá sóknaraðila sbr. tölvupóstur dags. 21. febrúar 2023.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 23. mars og 14. apríl 2023.

II.
Málsatvik.

Samkvæmt undirritun sóknaraðila á stofnfundargerð S dags. 10. júlí 2015, er sóknaraðili eigandi að 10% af heildarhlutafé sameignarfélagsins.

Hinn 7. september 2015 undirritaði sóknaraðili, ásamt hinum tveimur eigendum sameignarfélagsins, óskipta sjálfskuldarábyrgð vegna yfirdráttarheimildar lögaðila að hámarksfjárhæð 1.500.000 kr.

Eftir vanskil sameignarfélagsins samkvæmt téðri yfirdráttarheimild var innheimtu kröfunnar beint að ábyrgðarmönnum ofangreindrar sjálfskuldarábyrgðar, þ.á.m. sóknaraðila. Hinn 1. nóvember 2022 greiddi sóknaraðili 101.643 kr. inn á kröfuna. Rétt er að fram komi að engin gögn liggja fyrir nefndinni um vanskil sameignarfélagsins eða innborgun sóknaraðila en þessi atriði eru þó óumdeild meðal málsaðila.

Þá er óumdeilt að á einhverjum tímapunkti hafi sóknaraðili óskað eftir því við varnaraðila að sjálfskuldarábyrgð hans yrði felld niður, sem varnaraðili hafnaði, en um þetta liggja ekki heldur nein gögn fyrir, en er þó óumdeilt.

III.
Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að sjálfskuldarábyrgð hans, dags. 7. september 2015, verði felld úr gildi, og að innborgun hans hinn 1. nóvember 2022 að fjárhæð 101.643 kr. inn á kröfuna verði endurgreidd.

Til vara krefst sóknaraðili þess að áfallnir vextir verði felldir niður.

Aðalkröfu sína byggir sóknaraðili á ákvæðum d. liðar 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 og á því að téð innborgun hafi verið háð ótilgreindum fyrirvara.

Sóknaraðili útskýrir málatilbúnað sinn nánar á þann veg að sjálfskuldarábyrgðin hafi verið tímabundin til eins árs og að hún hafi ekki framlengst þegar yfirdráttarheimild sameignarfélagsins hafi verið framlengd. Þá sé það markmið varnaraðila að safna vöxtum á yfirdráttarheimildina áður en sóknaraðili væri krafinn um greiðslu og varnaraðila hafi mátt vera ljóst að sameignarfélagið hafi aldrei ætlað sér að greiða yfirdráttarheimildina, enda hafi hún verið nánast fullnýtt frá útgáfudegi. Vanræksla varnaraðila hljóti að teljast veruleg þegar ábyrgð sé framlengd árlega án aðkomu ábyrgðarmanns, í lengri tíma en sem nemi almennum fyrningarfresti kröfu.

IV.
Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Því til stuðnings vísar varnaraðili til þess að gildissvið laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 nái ekki til sjálfskuldarábyrgðar þessa máls, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna, eins og fram komi á sjálfskuldarábyrgðinni. Þá sé ljóst að efni sjálfskuldarábyrgðarinnar gildi milli málsaðila og að engin lokadagsetning sé tilgreind í henni.

Varnaraðili vísar einnig til þess að sóknaraðili sé í persónulegri ábyrgð fyrir yfirdráttarskuldinni án tillits til sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingarinnar, enda beri allir félagsmenn sameignarfélaga beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess.

Ekki sé hægt að fallast á kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að endurgreiða innborgun sóknaraðila inn á skuld sameignarfélagsins. Sóknaraðili hafi innt greiðsluna af hendi í samræmi við lögmæta skuldbindingu sína auk þess sem enginn fyrirvari hafi verið gerður við greiðsluna af hans hálfu.

Krafa sóknaraðila um að áfallnir vextir verði felldir niður sé óljós og óskýr og uppfylli ekki ákvæði i. liðar 4. gr., sbr. 7. gr., samþykkta nefndarinnar og verði því að vísa henni frá. Ekki sé ljóst hvernig vexti átt sé við auk þess sem enginn rökstuðningur fylgi kröfunni til stuðnings. Varnaraðili árétti að í sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni komi fram að auk hámarksfjárhæðar ábyrgðarinnar beri sóknaraðila að greiða vexti og kostnað sem fylgi vanskilum aðalskuldara og taki það m.a. til dráttarvaxta.

V.
Niðurstaða.

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort fella beri niður sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, dags. 7. september 2015.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 gilda lögin um lánveitingar stofnana og fyrirtækja þegar ábyrgðarmaður gengst í ábyrgð til tryggingar efndum lántaka. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er með ábyrgðarmanni átt við einstakling sem gengst persónulega í ábyrgð eða veðsetur tilgreinda eign sína til

tryggingar efndum lántaka, enda sé ábyrgðin hvorki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmanns né fjárhagslegs ávinnings hans. Með öðrum orðum eiga lögin ekki við ef sjálfskuldarábyrgðin er í þágu atvinnurekstrar sóknaraðila eða fjárhagslegs ávinnings hans.

Af tilvitnuðum lagaákvæðum laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 og athugasemdum með þeim í frumvarpi því sem varð að lögunum verður ráðið að ef lántaki er sameignarfélag í eigu ábyrgðarmanns séu líkur fyrir því að hann hafi undirgengist ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar. Ekki hefur verið vefengt að yfirdráttarheimild sú sem sóknaraðili gekkst undir sjálfsábyrgð vegna hafi verið í þágu eigin atvinnurekstrar sóknaraðila. Þvert á móti liggur fyrir yfirlýsing á sjálfskuldarábyrgðinni um að með undirritun sóknaraðila á sjálfskuldarábyrgðina hafi hann lýst því yfir að ábyrgðin sé í þágu atvinnurekstrar eða fjárhagslegs ávinnings þeirra með vísan í 2. mgr. 2. gr. laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009.

Ákvæði laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 eiga því ekki við í þessu tilviki og aðalkröfu sóknaraðila um að felld verði úr gildi sjálfskuldarábyrgð hans, dags. 7. september 2015, þar af leiðandi hafnað. Í ljósi þess að ábyrgð sóknaraðila fellur ekki undir lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 þá gilda ákvæði þeirra laga um skyldu til að tilgreina gildistíma ábyrgðar ekki. Þar sem umþrætt ábyrgðaryfirlýsing tilgreinir ekki gildistíma verður ekki fallist á það með sóknaraðila að hún hafi eingöngu átt að gilda í eitt ár, enda er ekkert í orðalagi hennar sem gefur það til kynna.

Með vísan til framangreinds er því aðalkröfu sóknaraðila um að fella niður sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila hafnað. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu á innborgun hans hinn 1. nóvember 2022 að fjárhæð 101.643 kr. hafnað og ekki tekin afstaða til hins ætlaða fyrirvara, sem gögn liggja ekki fyrir um í málinu.

Varakröfu sóknaraðila um niðurfellingu vaxta hefur sóknaraðili í engu rökstutt. Kröfunni er af þeim sökum vísað frá nefndinni með vísan til i. liðar 1. mgr. 4. gr. samþykkta nefndarinnar.

Úrskurðarorð:

Aðalkröfum sóknaraðila, M, um að sjálfskuldarábyrgð hans, dags. 7. september 2015, til að tryggja varnaraðila, F, efndir á skuldbindingum sameignarfélags í hans eigu, verði felld úr gildi, og að innborgun hans hinn 1. nóvember 2022 að fjárhæð 101.643 kr. á skuld samkvæmt ábyrgðinni verði endurgreidd, er hafnað.

Varakröfu sóknaraðila um að áfallnir vextir verði felldir niður er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 14. apríl 2023,

Auður Inga Ingvarsdóttir

Fura Sóley Hjálmarsdóttir — Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson — Magnús Fannar Sigurhansson